

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2018 - 2021

ásamt greinargerðum



Samþykkt í bæjarstjórn 29. nóvember 2017



MOSFELLSBÆR



EFNISYFIRLIT

Greinargerðir með fjárhagsáætlun.....	3
Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs.....	3
Greinargerð bæjarstjóra.....	4
GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA.....	9
FJÖLSKYLDUSVIÐ	9
FRÆÐSLU- og FRÍSTUNDASVIÐ	10
UMHVERFISSVIÐ.....	13
ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD.....	16
NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR	17
02 – FJÖLSKYLDUSVIÐ.....	17
04/06 – FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ	23
08/09/10/11/31/33/43/47/63 UMHVERFISSVIÐ	28
05/07/08/13/21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, , FJÁRMÁLADEILD Og Mannauðsdeild.....	32

GREINARGERÐIR MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2018 samanstendur annars vegar af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og hins vegar af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna reksturs A- hluta bæjarsjóðs ásamt samantektar á A- og B- hluta. Greinargerðinni er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. A- hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði, og þjónustustöð. Í B- hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu bæjarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.


Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2018 sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 verður rúmlega 308 m.kr. afgangur af rekstri Mosfellsbæjar eftir fjármagnsliði. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 1.105 m.kr. eða 10,5% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka og verði skuldaviðmiðið 102% af tekjum í árslok sem er umtalsvert undir mörkum sveitarstjórnarlaga.

Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 64% af heildartekjum sveitarfélagsins sem er álíka hlutfall og á síðasta ári. Álagningarhlutfall útsvars er 14,48% sem er undir leyfilegu hámarki samkvæmt gildandi lögum.

Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka í takt við almennar launahækkunarir og 5,9% fjölgun íbúa milli ára. Því er gert ráð fyrir að tekjur af útsvari nemi um 5.932 m.kr. á árinu, sem er rúmlega 14% hækkun milli ára.

SKIPTING SKATTTEKNA



Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs

Skatttekjur (í m.kr.)	Áætlun 2018	Áætlun 2017	Breyting milli ára	
Útsvar	5.932	5.199	733	14%
Fasteignaskattur og lóðaleiga	987	885	102	12%
Framlög Jöfnunarsjóðs	1.665	1.507	158	10%
Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs	8.584	7.591	993	13%



GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Rekstur og starfsemi Mosfellsbæjar er í góðu horfi og sveitarfélagið nýtur góðs af skilvirkum rekstri, flottu starfsfólki og góðu efnahagslegu árferði. Tekjur aukast og rekstrarafgangur er af starfseminni á sama tíma og þjónustu við íbúa og viðskiptavini er augin, byggt er upp til framtíðar, skuldir lækkaðar og dregið úr álögum á íbúa.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 20. júlí sl. nýja stefnu og framtíðarsýn fyrir Mosfellsbæ. Framtíðarsýn okkar er sú að Mosfellsbær sé fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið bæjarfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi. Það er mitt mat að fjárhagsáætlun ársins 2018 endurspegli áherslur sem færa okkur að þessari framtíðarsýn.

Samantekið má segja að fjárhagsstaða Mosfellsbæjar sé traust, að reksturinn einkennist af ábyrgð og að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi. Skuldastaða sveitarfélagsins endurspeglar þetta vel og er ásættanleg í ljósi þeirrar uppbyggingar og vaxtar sem mun eiga sér stað á næstu árum.

Á næsta ári verða stærstu nýju innviðaverkefnið annars vegar hönnun og deiliskipulagsvinna vegna byggingar fjölnota íþróttahúss með það að markmiði að framkvæmdir hefjist á árinu 2018. Hins vegar að ljúka því að reisa fyrsta áfanga skólabyggingarinnar í Helgafellslandi sem tekinn verður í notkun haustið 2018 og hefja undirbúning framkvæmda við annan áfanga skólans.

Það svigrúm sem er til staðar í rekstri Mosfellsbæjar mun nýtast öllum íbúum með einum eða öðrum hætti. Á sviði skóla- og frístundamála verða engar hækkanir á gjaldskrá og niðurgreiðslan dagvistar barna hefjist við 13 mánaða aldur. Þá er lagt til að leikskólagjöld lækki um 5% á árinu 2018. Lagt er til að komið verði á fót 20 nýjum plássum á leikskólum fyrir 12-18 mánaða börn. Verulegir fjármuni verða settir í tölvuvæðingu og önnur verkefni til að bæta aðstöðu í grunnskólum bæjarins. Loks er gert ráð fyrir fjármunum til að vinna forvarnastefnu.

Á sviði fjölskyldumála er m.a. lagt til að fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur hækki. Einnig að afsáttur á fasteignagjöldum til tekjulægri elli og örorkuþega hækki um 50%. Á sviði menningarmála er lagt til að framlag í lista- og menningarsjóð hækki um 20%. Á næsta ári heldur Mosfellsbær vinabæjamót en vinabæir Mosfellsbæjar eru Thisted, Loimaa, Skien og Uddevalla. Gert er ráð fyrir því að fjöldi gesta og heimamanna verði um 120 manns auk 25 unglinga sem taka þátt í unglingaverkefni sem haldið verður að Úlfjótuvatni.



Á sviði umhverfismála er lagt til að farið verði í átak í endurnýjun gangstétta í eldri hverfum og framlög aukin verulega til viðhalds húsa og lóða bæjarins. Loks er lagt til að farið verði í aðgerðir til að hefta útbreiðslu ágengra plantna. Þá verði unnið að mótun umhverfisstefnu og samgöngustefnu og eflingu á starfsemi umhverfissviðs vegna aukinna verkefna.

Á sviði miðlægrar þjónustu er lagt til að unnið verði að því að opna bókhald sveitarfélagsins og að ráðið verði í hálft stöðugildi á mannauðsdeild sem sinni í senn mannauðs- og jafnréttisverkefnum. Jafnframt verði sú nýjung tekin upp að starfsmönnum bæjarins verði boðinn samgöngustyrkur.

Eins og á yfirstandandi ári er ekki gert ráð fyrir almennri hækkun gjaldskráa fyrir veitta þjónustu og lækka gjaldskrár því að raungildi milli ára þriðja árið í röð auk þess sem leikskólagjöld lækka um 5%. Loks er lagt til að álagningarhlutföll fasteignaskatts, fráveitu- og vatnsgjalds verði lækkuð um 11% og að kostnaður við heitt vatn til íbúa lækki um 5%.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2018 eru að:

-)] Afgangur sé af rekstri bæjarins og að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 11% af tekjum.
-)] Álagningarhlutföll fasteignagjalda lækki um 11%.
-)] Skuldir sem hlutfall af tekjum haldi áfram að lækka.
-)] Gjaldskrár fyrir þjónustu lækki milli ára þriðja árið í röð, leikskólagjöld lækki um 5% og heitt vatn til íbúa lækki um 5%.
-)] Frístundaávísun hækki um 54%.
-)] Áfram verði varið fjármunum til að auka þjónustu við 12-18 mánaða börn og plássum fjölgað um 20.
-)] Gjaldskrá leikskóla miðist við 13 mánaða aldur.
-)] Hafist verði handa við að reisa fjölnota íþróttahús að Varmá.
-)] Framlög til afsláttar af fasteignagjöldum til tekjulægri eldri borgara hækki um 50%.
-)] Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur hækki.
-)] Þróun á rafrænni þjónustu sveitarfélagsins byggi á þeim áherslum sem lagðar eru í stefnumótun Mosfellsbæjar.
-)] Viðhaldsfé fasteigna bæjarins aukist um 25% frá fyrra ári.
-)] Áfram verði unnið að verkefnum við að styrkja og efla bæði lýðræði og lýðheilsu íbúa Mosfellsbæjar.
-)] Starfsmönnum bæjarins standi til boða samgöngustyrkur.
-)] Mosfellsbær verði áfram í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi.

Ennþá er verk að vinna varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga en Mosfellsbær hefur tekið að sér að reka tvö verkefni á grundvelli samninga við ríkið. Þessi verkefni hafa verið rekin með fjárhagslegum halla og því er mikilvægt að sigla þessum málum í höfn á næsta ári. Það gerum við m.a. í samvinnu við önnur sveitarfélög enda verður lausnin að miðast við heildstæða endurskoðun á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Meira en 80% af útgjöldum Mosfellsbæjar er varið til reksturs skólastofnana, íþrótt- og tómstundamála og félagsþjónustu. Lykiláherslur í fjárhagsáætlun 2018 eru nú sem fyrr að standa vörð um og þróa þá grunn- og velferðarþjónustu sem bærinn veitir í þessum málaflokkum.



Ég tel líka mikilvægt að núverandi og verðandi íbúar finni fyrir jákvæðum áhrifum af fjölgun íbúa sveitarfélagsins, að við verndum það sem við stöndum fyrir og tökum vel á móti nýjum íbúum. Til að það gangi eftir þarf að ríkja jafnvægi í rekstrinum og gæta þess að vöxturinn sé efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbær.

Á hverju ári fer fram mikil vinna innan Mosfellsbæjar við fjárhagsáætlunargerð. Sú vinna er leidd af fjármáladeild bæjarins, framkvæmdastjórum og forstöðumönnum. Ég þakka öllu okkar flotta starfsfólki fyrir óeigingjarnt starf við að setja þessa fjárhagsáætlun saman.

Gildi Mosfellsbæjar eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Við höfum lagt áherslu á að tileinka okkur gildin í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur hverju sinni og þannig leiðum við Mosfellsbæ áfram í átt að bjartri framtíð.

Haraldur Sverrisson,
bæjarstjóri

Rekstraryfirlit (i m.kr.)	Tekjur 2018	Laun 2018	Annar kostnaður 2018	Samtals ætlun 2018	Samtals ætlun 2017	Breyting milli ára	
00 SKATTTEKJUR	8.584	0	0	8.584	7.591	93	13%
02 FÉLAGSÞJÓNUSTA	446	345	1.659	-1.557	-1.402	-155	11%
03 HEILBRIGÐISMÁL	11	0	25	-14	-14	1	-4%
04 FRÆDSLUMÁL	590	3.212	1.782	-4.405	-4.060	-345	8%
05 MENNINGARMÁL	13	68	107	-163	-152	-11	7%
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL	476	380	1.033	-936	-864	-72	7%
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR	0	0	79	-79	-69	-10	15%
08 HREINLÆTISMÁL	107	0	140	-33	-22	-11	49%
09 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL	99	94	54	-49	-40	-9	22%
10 UMFERÐAR- og SAMGÖNGUMÁL	0	0	396	-396	-359	-37	10%
11 ALMENNINGSGARÐAR OG ÚTIVIST	9	54	96	-140	-122	-15	14%
13 ATVINNUMÁL	0	3	6	-10	-9	-1	12%
21 SAMEIGNINLEGUR KOSTNAÐUR	88	433	236	-582	-605	23	-4%
22 LÍFEYRISSKULDBINDINGAR	0	199	0	-199	0	-199	100%
28 FJÁRMUNATEKJUR, FJÁRMAGNSGJÖLD	0	0	-420	420	436	-16	-4%
Aðalsjóður	10.423	4.789	5.193	442	310	132	43%
31 EIGNASJÓÐUR REKSTUR	1.398	25	1.608	-235	229	-6	3%
33 ÞJÓNUSTUSTÖÐ REKSTUR	105	77	37	-9	-19	10	-51%
35 FASTEIGNAFÉLAGIÐ LÆKJARHLÍÐ	0	0	0	0	-8	8	-100%
Millifærslur	-2.050	0	-2.048	-3	0	-3	100%
A hluti samtals	9.875	4.891	4.790	194	53	141	266%
43 VATNSVEITA MOSFELLSBÆJAR	197	32	118	47	32	15	45%
47 HITAVEITA MOSFELLSBÆJAR	240	0	173	67	47	21	44%
61 FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR	47	0	59	-12	-10	-1	12%
63 HJÚKRUNARHEIMILIÐ HAMRAR	23	0	23	0	0	0	-219%
65 FRÁVEITA REKSTUR	403	0	355	48	53	-5	-10%
Millifærslur	-204	0	-167	-37	-16	-21	129%
A og B hluti samtals	10.582	4.923	5.351	309	159	150	94%

EIGNFÆRÐAR FJÁRFESTINGAR

Eignfærðar fjárfestingar	
Fyrirhugaðar fjárfestingar A hluta	2018
Varmárskóli - endurbætur	20
Lágafellsskóli - endurbætur	5
Helgafellsskóli - nýbygging	1.200
Færanlegar kennslustofur	50
Leikskólar - aðstaða fyrir 1-2ja ára börn	12
Samtals fjárfest í skólum	1.287
Íþróttamiðstöð að Varmá	30
Íþróttamiðstöð að Lágafelli	10
Fjölnota íþróttahús	100
Ævintýragarður	7
Skátaheimili	15
Stikaðar gönguleiðir	3
Golfvellir	48
Skíðasvæði	5
Hlégarður	12
Samtals fjárfest í öðrum mannvirkum	230
Fjárfest í gatnagerð	541
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-740
Samtals fjárfest í gatnagerð (nettó)	-199
Bifreiðar og tæki þjónustustöðvar	7
Samtals fjárfestingar A-hluta	1.325
Samtals fjárfesting Fráveitu (nettó)	89
Samtals fjárfesting Hitaveitu (nettó)	47
Samtals fjárfesting Vatnsveitu (nettó)	99
Samtals fjárfesting félagslegra íbúða	35
Samtals fjárfestingar í A og B hluta	1.595



GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

FJÖLSKYLDUSVIÐ

Í störfum sínum leitast starfsmenn fjölskyldusviðs við að framfylgja gildum Mosfellsbæjar með því að þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur einkennist af *virðingu* og *umhyggju*. Það gildir meðal annars um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og áherslu á samvinnu við aðila máls og samstarfsaðila. *Jákvæð viðhorf* í garð þessara aðila, ásamt *framsæknum vinnubrögðum*, eru jafnframt höfð að leiðarljósi.

Fjölskyldusvið hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum, félagslegri ráðgjöf þar með talið er varðar félagslegt húsnæði, fjárhagsaðstoð, málefnum eldri borgara og þjónustu við fatlað fólk. Heildar fjárframlag vegna reksturs fjölskyldusviðs á árinu 2018 nemur samkvæmt áætlun samtals liðlega 1.546 m.kr.

Framlag til Skálatúns vegur þýngst og er áætlað 540 m.kr. Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2018 mun nema tæpum 43 m.kr. Áætlaðar eru liðlega 50 m.kr. til þjónustusamninga vegna annarra einstaklinga. Undir fjölskyldusvið heyrir starfsemi tveggja búsetukjarna, í Hulduhlíð/Klapparhlíð og Þverholti, sem þjónusta alls 17 einstaklinga.

Tólf íbúar Mosfellsbæjar búa við notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Þeir fá tiltekna umsamda fjárhæð greidda mánaðarlega og stjórna því sjálfir eða með aðstoð aðstandenda hverjir veita þeim aðstoð, hvenær, hvar, hvernig og að hve miklu leyti að því marki sem fjármagnið leyfir.

Stöðugleiki er í þjónustu við fatlað fólk og óverulegir biðlistar eftir þjónustu.

Einstaklingum sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins hefur farið fækkandi, enda hefur atvinnuleysi minnkað og aukin áhersla hefur verið lögð á að liðsinna fólki í atvinnuleit. Áætlunin gerir ráð fyrir hækkun grunnaðstoðar umfram það sem verið hefur undanfarin ár.

Ný lög um húsnæðismál voru samþykkt á Alþingi um mitt ár 2016 sem tóku gildi í byrjun árs 2017. Lagabreytingin boðaði umfangsmiklar breytingar; má þar nefna stofnframlög frá ríki og sveitarfélögum til byggingar eða kaupa á húsnæði til aðila sem uppfylla tiltekin skilyrði. Greiðsla húsnæðisbóta er verkefni ríkisins. Samhliða breytingunni voru gerðar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem kveðið er á um skyldu sveitarfélaga til að greiða sérstakan húsnæðisstuðning. Áætlun 2018 gerir ráð fyrir breytingum sem skili sér til fleiri leigjenda samfara hækkun greiðslna.

Samhliða þessu er sveitarfélögum gert að gera húsnæðisáætlanir og veita ákveðnum hópi sérstakan húsnæðisstuðning. Sveitarfélögum er ætlað að nýta það fé sem annars hefði farið til greiðslu almennra húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta til greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings og stuðla að uppbyggingu leiguhúsnæðis fyrir hina tekjulægstu. Unnið hefur verið að viðhaldi eigna í samræmi við úttekt þar að lútandi. Því verður haldið áfram á árinu 2018.


Aukin áhersla hefur verið undanfarin ár á samráð við notendur þjónustunnar. Má í því sambandi nefnda samþykkt bæjarstjórn frá 11. febrúar 2015 um öldungaráð og samþykkt bæjarstjórnar

frá 3. febrúar 2016 um notendaráð fatlaðs fólks. Báðum ráðunum er ætlað að vera formlegur og milliliðalaus vettvangur um hagsmuni hvors hóps um sig.

Tekjur á árinu 2018 eru áætlaðar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Í Mosfellsbæ er öflugt fræðslu- og frístundastarfi sem gerir bæjarfélagið fjölskylduvænt og eftirsóknarvert til búsetu. Fjárhagsáætlun fræðslu- og frístundasviðs er umfangsmikil og innan hennar eru meðal annars allir leik- og grunnskólar bæjarins, Listaskóli, frístundasel, félagsmiðstöð, ungmennahús, dagforeldrar, vinnuskóli, íþrótta- og tómstundaskóli, íþróttamiðstöðvar, skólapjónusta og skólaakstur. Heildar fjárframlag vegna reksturs fræðslu- og frístundasviðs á árinu 2018 nemur samkvæmt áætlun samtals liðlega 5.341 m.kr. Í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir að þjónusta í



fræðslu- og frístundamálum verði efld samhliða stækkun bæjarfélagsins. Í upphafi skólaárs 2017-2018 voru 1.732 börn á grunnskólaaldri skráð með lögheimili í Mosfellsbæ. Þar af eru 1.679 við nám í grunnskólum bæjarins en önnur í skólum utan sveitarfélagsins. Leikskólabörn á aldrinum 2-5 ára með lögheimili í Mosfellsbæ eru 555 og börn á aldrinum 12-24 mánaða eru 136. Af þessum hópi eru 559 skráð í leikskóla Mosfellsbæjar og 41 barn hjá dagforeldrum.

FJÖLDI GRUNNSKÓLABARNA Í MOSFELLSBÆ 1.10.2017



Um áramótin 2018/2019 er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi Helgafellsskóla verði tekinn í notkun og að kennsla fyrir 1.-5. bekk hefjist þar í ársbyrjun 2019. Skólastjóri verður ráðinn að skólanum í ágúst 2018 og mun viðkomandi taka þátt í undirbúningi vegna opnunar skólans. Helgafellsskóli verður eitt af meginverkefnum sviðsins á komandi fjárhagsári.

Áætlað er að fjölgun leik- og grunnskólabarna mun fyrst og fremst eiga sér staði í skólahverfum Varmárskóla og Helgafellsskóla. Fylgst er markvisst með fjölda leik- og grunnskólabarna í Mosfellsbæ þannig að unnt sé að bregðast við verði veruleg breyting á íbúaþróun.

Í fjárhagsáætlun er lagt til að efla enn frekar dagvistunarþjónustu við yngstu bæjarbúana og bæta við plássum fyrir yngstu börnin. Nú þegar eru starfandi tvær ungbarnadeildir við leikskólana Hlíð og Hulduberg. Verið er að meta faglegan ávinning af því að halda áfram að fjölga ungbarnadeildum eða stofna sérstakan ungbarnaleikskóla. Í síðustu fjárhagsáætlun var samþykkt að lækka dagvistargjöld fyrir yngstu börnin. Aftur er lagt til gjaldskráin lækki þannig að frá og með 13 mánaða aldri greiði foreldrar samkvæmt gjaldskrá gildandi leikskólagjalds óháð því hvort að barnið sé í leikskóla á vegum Mosfellsbæjar, einkareknum leikskóla eða hjá dagforeldri. Jafnframt er lagt til að almennt gjald í leikskóla lækki um 5% frá áramótum.

Við Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar var bætt við einu stöðugildi á síðasta ári. Lagt er til að þjónusta bæjarins við yngstu börnin í tónlistarnámi verði aukin enn frekar með fjölbreyttari námstilboðum í samvinnu við grunnskólana. Í þeim tilgangi verði einu stöðugildi bætt við frá áramótum og öðru stöðugildi haustið 2018.

Bæjarstjórn samþykkti á grundvelli skýrslu um sérkennslu og sérfræðiþjónustu að vinna að eflingu sérdeilda og annarra sérúrræða í leik- og grunnskólum. Sú vinna er hafin en mun halda áfram á næsta ári. Í skóla án aðgreiningar velja foreldrar nám fyrir barnið sitt ýmist í heimabyggð eða í sérskólum. Hluti þessara barna þarf á heilsdagsþjónustu að halda þannig að frístundúrræði sé samhæft við skóladaginn. Sú þjónusta er þegar til staðar fyrir börn í sérskólum. Lagt er til að auknum fjármunum verði varið til eflingar faglegs frístundastarfs fyrir fatlaða nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar í 5.-10. bekk. Nú þegar hefur vísir af samhæfðu skóla- og frístundastarfi fyrir þennan aldurshóp nemenda farið af stað í Lágafellsskóla. Verkefnið verður þróað áfram í samstarfi við stjórnendur grunnskóla og frístundamála. Niðurstöður á greiningu


á starfsumhverfi grunnskólakennara, í svokölluðum Vegvísi, gáfu meðal annar til kynna að kallað væri eftir sérúrræði innan grunnskólanna til að koma á móts við aukinn hegðunar- og tilfinningavanda nemenda. Á haustdögum fór af stað þróunar- og samstarfsverkefni á þessu sviði í Lágafellsskóla í samvinnu við skólaþjónustuna. Verkefnið hefur fengið vinnuheitið Fellið og verða niðurstöður þess kynntar við lok skólaársins 2017-2018. Takist vel til er áformað að unnið verði að sambærilegum verkefnum í öðrum grunnskólum bæjarins.

Lagt er til að gert verði áttak í upplýsinga- og tæknimálum í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar og að mótuð verði stefna og aðgerðaráætlun til nokkurra ára í þessum málaflokki.

Í Mosfellsbæ er boðið upp á öflugt frístundastarf og markmið þess er meðal annar að búa vel að barnafjölskyldum og ungu fólki. Ungmennahús var stofnað formlega haustið 2017 í samstarfi við Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Starfsemin hefur farið vel af stað og lagt er til að aukið verði við starfshlutfall í húsinu þannig að tveir starfsmenn í hlutastarfi kom að uppbyggingu starfsins.

Lagt er til að stöðugildi við félagsmiðstöðina Ból verði aukið þar sem þátttaka hefur aukist samhlíða auknum fjölda barna og unglinga í bænum. Jafnframt var opnað æfingahúsnæði síðastliðið vor fyrir unga tónlistarmenn sem er vel nýtt. Aðsókn í íþróttamiðstöðvar Mosfellsbæjar hefur aukist á undanförunum árum. Á árinu 2017 er reiknað með um 500.000 komum í íþróttamiðstöðina Lágafelli. Starfsmenn íþróttamiðstöðva munu ljúka sérhæfðu starfsþróunarnámskeiði vorið 2018. Lagt er til að heimildarákvæði í kjarasamningum STAMOS verði virkjað þar sem kveðið er á um að uppfylltum ákveðnum skilyrðum geti starfsmenn sem ljúka slíkum námskeiðum fengið greitt persónuálág samkvæmt ákvæði sem gildir frá byrjun árs 2018. Slíkur endurmenntunarmöguleiki eflir starfsmenn í störfum og er til þess fallin að auka gæði í þjónustu íþróttamiðstöðva Mosfellsbæjar.

Frístundaávísanir - fjöldi barna



Þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi er einn af þremur burðastólpum forvarnastarfs ásamt aðkomu heimila og skóla. Nýting frístundaávísana í Mosfellsbæ er góð en til að stuðla enn frekar að þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi er lagt til að fjárhæð frístundaávísana verði hækkuð haustið 2018 frá 32.500 kr. í 50.000 kr. eða 54%. Greidd verður sama fjárhæð fyrir öll börn sem nýta sér ávísunina.

Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag og er í forystuhlutverki á landsvísi á því sviði. Lagt er til hafin verið vinna við gerð forvarnarstefnu fyrir Mosfellsbæ. Stofnaður verði samstarfshópur um forvarnir og þeim hópi falið að vinna drög að forvarnarstefnu sveitarfélagsins. Mótun slíkrar stefnu er samfélagslegt verkefni sem íbúar og hagsmunaaðilar koma að.



Í gildi eru samstarfssamningar við íþrótt- og tómstundafélög í Mosfellsbæ. Þar sem meðal annars eru ákvæði um framlög Mosfellsbæjar barna- og unglingastarfs, almenns rekstur og afreksstarfsemi. Þessir samningar renna út í lok árs 2017 og viðræður við félögin um endurnýjun samninga standa nú fyrir dyrum.

Við gerð fjárhagsáætlunar í fræðslu- og frístundamálum fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir því að hækka þjónustustig við íbúa Mosfellsbæjar með auknu fjármagni í ýmis verkefni. Kröfur um hagkvæmni í rekstri í skóla- og frístundamálum er leiðarljós við gerð áætlunarinnar. Ekki er lagt til að gjaldskrár fræðslu- og frístundasviðs hækki á árinu 2018.


Fjárhagsáætlun fræðslu- og frístundasviðs 2018 styður við stefnu bæjarins um eflingu fræðslu- og frístundastarfs með áherslu á heilsueflandi samfélag og lífsgæði bæjarbúa. Framundan er áframhaldandi uppbygging hjá sveitarfélaginu og öflugt fræðslu- og frístundastarf er liður í því að Mosfellsbær sé aðlaðandi kostur til búsetu.

UMHVERFISSVIÐ

Á umhverfissviði Mosfellsbæjar fer fram fjölpætt og umfangsmikil starfsemi. Sviðið annast umsjón með skipulags- og byggingarmálum, sinnir veitustarfsemi, gatna- og umferðarmálum, úrgangsmálum, almenningssamgöngum, umhverfismálum og garðyrkju. Þá annast sviðið eftirlit með dýrahaldi, náttúruvernd og landbúnaði innan marka sveitarfélagsins. Undir eignasjóð heyrar allar nýframkvæmdir fasteigna, gatna og veitna auk viðhalds á fasteignum Mosfellsbæjar. Loks annast sviðið Staðardagskrá 21 (e. Local Agenda 21), sem gengur þvert á öll fagsvið Mosfellsbæjar, en um er að ræða áætlun um þau verk sem vinna þarf á vegum sveitarfélagsins til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun. Heildar fjárframlag vegna reksturs umhverfissviðs á árinu 2018 nemur samkvæmt áætlun samtals liðlega 862 m.kr. Á umhverfissviði starfa 17 starfsmenn.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA UMHVERFISMÁLA

- Umhverfisnefnd
- Umhverfisdeild og Staðardagskrá 21
- Garðyrkjudeild
- Opin svæði
- Leikvellir



Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 er hagkvæmni höfð að leiðarljósi. Þjónustustigi varðandi hirðingu opinna svæða verður viðhaldið sem og viðhaldi gatna, sorphirðu og í snjómokstri. Á næsta ári verður ráðist í átak í endurnýjun gangstétta í eldri hverfum og framlög til viðhalds húsa og lóða aukið. Aukin áhersla verður lögð á árinu 2018 á friðlýst svæði auk þess sem farið verður í átak til að hefta útbreiðslu ágengra plantna. Í tengslum við lýðræðisstefnu Mosfellsbæjar hefur aðgengi og þátttaka íbúa þegar kemur að forgangsörðun verkefna verið opnuð í gegnum verkefnið Okkar Mosó. Kosning og útfærsla verkefna tókst vel og flest klárast þau verkefni sem hlutu góða kosningu íbúa um áramótin 2017/2018. Stefnt er að því að endurtaka verkefnið árið 2019 og mun undirbúningur þess hefjast haustið 2018. Hafin er vinna við mótun samgöngustefnu, skógræktarstefnu og umhverfisstefnu sem lokið verður við á næsta ár. Við mótun og framsetningu þeirrar vinnu verður tekið mið af nýrri stefnumörkun Mosfellsbæjar.

Stærsta einstaka framkvæmdin á árinu 2017 og á næsta ári er framkvæmdin við Helgafellsskóla. Á árinu 2017 var gert átak í útskiptingu gúmmíkurla og gervigrass og unnið var að endurnýjun búnaðar í sundlaugum bæjarins. Á sviði gatna- og veitna hafa einnig umtalsverðar framkvæmdir átt sér stað og má þar helst nefna endurnýjun stofnlagnar upp í Mosfellsdal auk framkvæmda við stíga, gangstéttir og leikvelli í nýbyggingarhverfum í Mosfellsbæ.

SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁLA

■ Sameiginlegur kostnaður


■ Leiga gatnakerfis

■ Götulýsing

■ Gangbrautir og umferðamerkingar

■ Snjómokstur og hálkueyðing

■ Framlög til sangangna



Fjöldi byggingarleyfisumsókna auglýstra deiliskipulaga og nýrra byggingarleyfisumsókna hefur aldrei verið meiri en á síðustu tveimur. Útlit er fyrir að líflegt verði áfram og því var þjónustufulltrúi í þjónustustöð var færður yfir í Kjarna á árinu 2017 til þess að betur væri hægt að sinna umsýslu skipulags- og byggingarmála betur.

Kortasjá Mosfellsbæjar var endurbætt á árinu 2017 með áherslu á upplýsingar á sviði veitna. Áfram verður unnið að endurbótum á kortasjánni á næsta ári. Opnað var fyrir skipulagssjá Skipulagsstofnunar í gegnum kortasjána og þar má nú fá aðgengi að samþykktu deiliskipulagi í sveitarfélaginu. Áfram verðu unnið að opnun nýrra möguleika til að hagnýta efni í Kortasjánni á næstu tveim árum.



ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, MANNAUÐSDEILD OG FJÁRMÁLADEILD

Hjá Mosfellsbæ starfa þrjár stoðdeildir sem saman annast alla miðlæga þjónustu. Í því felst m.a. að hafa eftirlit með og aðstoða við þjónustu og stjórnsýslu bæjarfélagsins. Þá sinna þær verkefnum fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins þ.e. bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð. Verkefni á bæjarskrifstofum eru margþætt og felast annars vegar í þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Mosfellsbæjar og hinsvegar þjónustu við íbúa og viðskiptavinum bæjarins. Í stoðdeildunum starfa samtals 19 fastráðnir starfsmenn.


Mosfellsbær vann að endurnýjun á stefnu og framtíðarsýn Mosfellsbæjar sem var staðfest af bæjarstjórn í ágúst sl. Að því verkefni komu starfsmenn og stjórnendur á bæjarskrifstofu, stjórnendur stofnana auk bæjarfulltrúa. Stefnan lýsir framtíðarsýn til ársins 2027 og helstu áherslum í starfseminni.

Nú í lok árs 2017 er unnið að uppfærslu á One mála- og skjalakerfinu auk uppfærslu íbúagáttar yfir í viðmót með viðbótarvirkni í átt til aukinnar sjálfvirkni. Á árinu 2018 verður því unnið að verkefnum til þess að fjölga þeim málum sem unnt er að fullnaðarafgreiða á vefnum. Áfram verður unnið að því að kortleggja og ná fram umbótum í þjónustu og rekstri bæjarskrifstofa m.a. með því að leysa fleiri mál í gegnum vefinn til að spara tíma, bæta þjónustu og draga úr ferðlögum.

Mannauðsdeild hefur hafið vinnu við endurskoðun á mannauðsstefnu bæjarins í þeim tilgangi að láta þær áherslur sem birtast í nýrri stefnu Mosfellsbæjar endurspeglast í mannauðsstefnunni. Samhliða þeirri vinnu verður að unnið að mótun mælikvarða sem styðja við virka innleiðingu mannauðsstefnu Mosfellsbæjar. Jafnframt er fyrirhugað að móta fræðsluáætlun fyrir alla starfsmenn Mosfellsbæjar en stefnt er að því að sú vinna klárast fyrir september 2018. Ferlar í gæðahandbókina voru gefnir út reglubundið á árinu. Vinna við að draga upp helstu ferla í gæðakerfi Mosfellsbæjar heldur áfram á árinu og er stefnt að því að ferlar fyrir öll svið og deildir verði komnir inn í gæðahandbókina fyrir mitt ár 2019. Á árinu 2018 stendur til að halda sameiginlegan starfsmannafund með sambærilegu sniði og haldin var í ágúst 2016 enda starfsmenn ánægðir með þá þann dag og hafa starfsmenn hvatt til þess að slíkir fundir verði haldnir reglulega.

**Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs,
G. Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs,
Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs,
Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar,
Pétur J. Lockton, fjármálastjóri,
Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri.**

NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR



02 – FJÖLSKYLDUSVIÐ

02010 Fjölskyldunefnd

Áformað er að nefndin haldi 14 fundi á árinu. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmenn sækji landsfund jafnréttisnefnda.

02020 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Áætlunin gerir ráð fyrir samtals 7,5 stöðugildum, verkefnastjóra í 100% starfi og þremur og hálfri stöðu félagsráðgjafa, ásamt framkvæmdastjóra sviðsins. Annar launakostnaður starfsmanna á skrifstofu er vegna tveggja þroskaþjálfara og eins verkefnaráðsins starfsmanns. Er sá kostnaður færður á deild 02500, málefni fatlaðs fólks.

Áætlaður kostnaður vegna bakvakta, sem áður var færður til útgjalda á skrifstofuna, er nú færður á 02340, barnaverndarmál. Kostnaður vegna bakvakta nemur um 4,5 m.kr.

Annar kostnaður á skrifstofunni er svipaður og verið hefur, þó þannig að ekki er gert ráð fyrir lögmannskostnaði þar sem lögmaður Mosfellsbæjar hefur sinnt þeim verkefnum sem krefjast aðkomu löglærðs aðila.

02110 Fjárhagsaðstoð

Styrkþegum fjárhagsaðstoðar hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2014 þegar þeir voru flestir 134, árið 2016 voru þeir 51. Nægt framboð á atvinnu vegur þar þýngst, ásamt aukinni áherslu á markvissari vinnu félagsráðgjafa við meðferð mála þar sem lögð er sérstök áhersla á að virkja styrkþega til þátttöku í atvinnulífinu. Hlutfallslega flestir eru í aldurshópnum 25-39 ára, því næst kemur yngsti aldurshópurinn 18-24 ára.



Stærsti hópur styrkþega nú eru einstaklingar sem eru að mestu ófærir um að vinna vegna tímabundinna eða langvarandi veikinda eða vímuefnaneyslu. Þessi hópur þarf mikinn stuðning og hafa starfsmenn sviðsins lagt sérstaka áherslu á að þeir fái viðeigandi aðstoð. Samvinna er um það við starfsfólk Vinnumálastofnunar. Þar fá einstaklingum sem njóta fjárhagsaðstoðar ýmis konar þjónustu sem lið í því að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði. Til dæmis má nefna að haldið var sjálfsstyrkingar- og starfsleitarnámskeið í Mosfellsbæ.

Gert er ráð fyrir því að við framfærslugrunnur hækki um 7,6%.

02330 Dvalargjöld

Dvalargjöld eru útgjöld vegna vistunar- og dvalargjalda barna sem eru í fóstri, dvelja á meðferðarheimilum eða njóta niðurgreiðslna vegna leikskóladvalar samkvæmt ákvörðun fjölskyldunefndar. Til viðbótar við þann kostnað er reiknað með vistun eins barns að auki. Kostnaður vegna starfsmanna við eftirlit með vistun barns er bókfærður á þennan lið.

Ætlaður vistunarkostnaður er metinn samkvæmt stöðu mála við gerð áætlunar, þ.e.a.s. fjölda barna, framfærslueyri vegna þeirra og þóknun til fósturforeldra samkvæmt samningi. Erfitt er að áætla útgjöld vegna dvalargjalda þar sem ekki er séð fyrir hvenær grípa gæti þurft til vistunar utan heimilis. Þá er oft um umtalsverð útgjöld að ræða.

02180 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Áætlunin gerir ráð fyrir hækkun sérstaks húsnæðisstuðnings, þannig að tekjuviðmið verði hin sömu og gilda um almennar húsnæðisbætur.

Áætlunin gerir ráð fyrir hækkun sérstaks húsnæðisstuðnings, þannig að tekjuviðmið verði hin sömu og gilda um almennar húsnæðisbætur.

02340 Barnaverndarmál

Barnaverndarmál fela í sér útgjöld vegna úrræða sem gripið er til við meðferð mála einstakra barna í samræmi við barnaverndarlög. Ætluð útgjöld taka mið af stöðu málaflokksins við gerð áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að styðja eins og unnt er við fjölskyldur þannig að börn geti dvalið heima sem lengst. Það er mat starfsmanna að fyrirkomulag þetta hafi komið í veg fyrir ráðstöfun barna í fóstur, sem ætíð er neyðarráðstöfun.

Áætlun ársins vegna þóknunar til stuðningsfjölskyldna á árinu 2018 tekur mið af útgjöldum ársins 2017.

Gert er ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna greiðslu leikskólagjalda, persónulegs ráðgjafa og tilsjónar og sérfræðiþjónustu alls 2,5 m.kr. Lögfræðikostnaður vegna skipunar talsmanns fyrir barn er samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga. Líkt og með dvalargjöld í barnaverndarmálum er erfitt að sjá fyrir útgjöld í málaflokknum.

02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja

Framlög þessi eru niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hjá Strætó bs. í samræmi við áætlun fyrirtækisins.

02420 Þjónustuhópur aldraðra



Með tilkomu öldungaráðs var fyrirkomulagi þjónustuhópsins breytt þannig að virkt samráð er nú við fulltrúa eldri borgara, fjölskyldunefnd og fjölskyldusvið á þeim vettvangi. Áætluðum kostnaði er ætlað að mæta útgjöldum við fræðslu- og kynningarstarf um málefni eldri borgara.

02430 Hjúkrunarheimili

Rekstrargjöld eru að mestu áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar um dagpeninga til reksturs heimilisins sem er áætlaður tæpar 360 m.kr. á árinu 2018. Það er 2,5% hækkun frá áætlun 2017. Gert er ráð fyrir að daggjöld og rekstrarkostnaður standi á jöfnu.

02450 Þjónustumiðstöð aldraðra

Tekjur vegna húsaleigu og hússjóðs koma til af einni íbúð sem Mosfellsbær er enn með leigusamning um við Eir – hjúkrunarheimili. Þar býr einstaklingar sem flutti í húsið fyrir 1.1. 2007 þegar Mosfellsbær seldi Eir húsið. Einnig eru áætlaðar tekjur vegna leigu á snyrtistofum.

Tekjur vegna heimilishjálpar eru endurgreiðslur þeirra sem fá félagslega heimaþjónustu og greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá.

Hluti kostnaðar við tólf samninga um notendastýrða persónulega aðstoð, um 8,3 m.kr., er færður á félagslega heimaþjónustu.

Áætluð útgjöld taka mið af samþykktri félagslegri heimaþjónustu og þjónustu við einstaklinga í dagdvöl.

Rekstrargjöld dagdvalar eru áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Samningur Mosfellsbæjar við Eir gerir ráð fyrir að daggjöld og rekstrarkostnaður, alls um 16,8 m.kr., standi á jöfnu.

02480 Félagsstarf aldraðra

Áætlunin tekur mið af rekstri starfseminnar 2017. Aðsókn að félagsstarfinu hefur aukist jafnt og þétt frá því að starfsemin flutti í nýtt og endurbætt húsnæði árið 2013. Samhliða því fékk Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni aðstöðu í sömu húsakynnum.

Starfsmenn félagsstarfsins eru þrír, forstöðumaður í 100% starfi og tveir leiðbeinendur í 25% starfi hvor. Hækkun launaliða er vegna áhrifa kjarasamninga.

Á árinu 2016 var fallið frá gjaldtöku vegna þátttöku í leikfimi. Tekjur vegna þess voru óverulegar, en þátttaka hefur aukist til muna. Með þessu er undirstrikað mikilvægi heilsuefningar eldra fólks í anda stefnu Mosfellsbæjar sem heilsueflandi samfélags.

Um mitt ár 2016 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal eldri borgara. Könnunin var liður í að framfylgja verklagi um samþættingu jafnréttissjónarmiða sem var innleidd árið 2001.

02500 Málefni fatlaðs fólks – sameiginlegur kostnaður

Tekjur vegna þess hluta málaflokks fatlaðs fólks, sem var færður til sveitarfélagsins í ársbyrjun 2011, eru áætlaðar tæpar 1.037 m.kr. á árinu 2018. Haft var samráð við við Jöfnunarsjóð um þá áætlun. Torvelt hefur reynst að áætla tekjurnar af nákvæmni þar sem þær eru háðar þróun útsvarstekna, að hluta til í bæjarfélaginu og að hluta til á landinu öllu. Og ekki verður ljóst fyrir en í nóvember hver framlög Jöfnunarsjóðs verða til hvers þjónustusvæðis fyrir sig.

Framlag til Skálatúns er er áætlað 540 m.kr. á árinu 2018 sem fyrir segir.



Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2018 mun nema tæpum 43 m.kr. Samningurinn tekur breytingum í samræmi við vísitölu launa. Áætlaðar tekjur bæjarins vegna þjónustu við fatlaða starfsmenn í Ásgarði með lögheimili utan Mosfellsbæjar nema á móti liðlega 23 m.kr.

Samningar við Skálatún og Ásgarð runnu út í árslok 2014. Gerður hefur verið nýr samningur við Ásgarð á sömu nótum og þann fyrri, en viðræður standa yfir um samning við Skálatún. Niðurstöður viðræðanna kunna að breyta ætluðum greiðslum á árinu 2018.

Áætlaðar eru liðlega 50 m.kr. til þjónustusamninga vegna annarra einstaklinga sem fyrr getur.

02510 Málefni fatlaðs fólks

Áætluð útgjöld eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélög höfðu þegar með höndum fyrir tilfærsluna frá ríki til sveitarfélaga 2011. Einkum er um að ræða almenna liðveislu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og ferðaþjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Áætlunin um liðveislu tekur mið af útgjöldum ársins 2017 og þjónustu sem samþykkt hefur verið að veita.

Akstur samkvæmt samningi sveitarfélaga innan vébanda SSH um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks hófst 1. janúar 2015. Samningurinn nær einnig til aksturs fatlaðra grunnskólabarna sem hófst um mitt það ár, en fjölskyldusvið og fræðslusvið hafa komið sér saman um að síðarnefnda sviðið annist stjórnsýslu og útgjöld vegna þess aksturs frá 1. janúar 2017.

Ferðaþjónustan hefur reynst mun kostnaðarsamari en vænst var en nokkur árangur til hagræðingar hefur náðst. Hins vegar hefur þjónustustig hækkað. Því er gert ráð fyrir óverulegum kostnaðarauka milli áranna 2017 og 2018.

02520 Frekari liðveisla (og NPA)

Útgjöld þessarar deildar eru nær eingöngu til tólf samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem gert er ráð fyrir að verði endurnýjaðir 1. janúar 2018. Nokkur lækking verður á útgjöldum vegna þess að einn notandi með umfangsmikinn samning hefur flutt í annað sveitarfélag og minni samningur komið í staðinn.

Meginhluti útgjalda vegna þessa er bókfærður á liðinn frekari liðveisla, en nokkur hluti sem félagsleg heimaþjónusta og almenn liðveisla. Það er gert til að halda aðskildum kostnaði sveitarfélagsins fyrir yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk og þeim sem kom til eftir hana. Það skiptir máli fyrir faglegt og fjárhagslegt uppgjör vegna yfirfærslunnar.

Á móti útgjöldum til NPA er gert ráð fyrir í tekjuáætlun 25% framlagi Jöfnunarsjóðs af heildar samningsupphæðum.

02564 Hulduhlíð, búsetukjarni

Hefðbundin starfsemi verður í meginatriðum óbreytt, en áætlað er að útgjöld lækki nokkuð vegna hagræðingar í vaktafyrirkomulagi. Það helgast einkum af því að tveir íbúar flytja sig um set hvað dagþjónustu varðar og verða nokkuð lengur utan búsetukjarnans á virkum dögum.

Á árinu 2017 var yfirstjórn búsetukjarnanna í Hulduhlíð og Klapparhlíð sameinuð í hagræðingarskyni. Fjárhagslegur rekstur kjarnanna er þó enn að mestu aðskilinn og þeir starfræktir sem tvær deildir.

02565 Klapparhlíð, búsetukjarni

Sú breyting hefur orðið að einn íbúi hefur flutt í eigin íbúð í nágrenninu en fær sem fyrr þjónustu frá starfsfólki búsetukjarnans. Húsnæði sem losnaði er nýtt til skammtímavistunar fyrir einn einstakling með varanlega búsetu fyrir augum. Starfsemin er a.ö.l. óbreytt, en lækkun útgjalda milli ára kemur einkum til af ofangreindri hagræðingu vegna sameiginlegrar yfirstjórnar.

02566 Þverholt, búsetukjarni

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi í öllum meginatriðum.

02567 Heimili fyrir börn

Komið hefur verið á fót heimili fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þarfnast meiri umönnunar og stuðnings en fjölskyldum þeirra er unnt að veita utan skólatíma. Til þessa hefur þörfum þeirra verið mætt með umfangsmikilli skammtímavistun utan bæjarfélagsins og stuðningsfjölskyldum, auk skemmri dvala hjá fjölskyldum sínum sem verður áfram. Fyrirsjáanlegt er að þörf barnanna fyrir þjónustu muni aukast enn frekar svo talið er tímabært og hagkvæmara að koma á fót sérstöku úrræði í þessu skyni. Það er jafnframt talið auka gæði þjónustunnar og stuðla að jafnvægi sem vænst er að dragi úr umönnunarþörf.

Upphafleg kostnaðaráætlun var vanáætluð, einkum vegna þess að vænst var að samnýta mætti næturvakt með búsetukjarnanum í Hulduhlíð, en heimilið er í sama húsi. Það þykir ekki raunhæft til að byrja með en verður reynt þegar nokkur reynsla er komin á starfsemina.

Hafa ber í huga að á móti sparast veruleg útgjöld sem ella hefðu skapast við fyrri tilhögun þjónustunnar (aðkeypt skammtímavistun).

02570 Skammtímavistun

Áætlaður kostnaður var verulega vanmetinn fyrir 2017, einkum vegna þess að gert var ráð fyrir að framangreint heimili fyrir börn yrði opnað á fyrri hluta árs og þar með þyrfti mun minni aðkeypta skammtímavistun.

Á móti kemur að áætlað hafði verið fyrir heimilinu á árinu 2017, en það var fyrst opnað í október. Því verður einungis nýttur um fjórðungur áætlaðs kostnaðar á árinu 2017.

Kostnaður við skammtímavistun verður hverfandi það sem eftir er árs við það að heimilið kemur að miklu leyti í stað aðkeyptrar þjónustu.

Samanburð milli áætlana 2017 og 2018 þarf að skoða í þessu ljósi.

02580 Dagþjónusta

Dagþjónustan er að öllu leyti aðkeypt (Örvi – starfsþjálfun í Kópavogi, Ás – vinnustofa og Bjarkarás – hæfingarstöð í Reykjavík, Vinnustofur Skálatúns og Vinnustofa Hleinar á Reykjalundi).

Kostnaðaraukning 2017 til 2018 umfram launa- og verðlagsbreytingar helgast af breyttri dagþjónustu fyrir tvo íbúa Hulduhlíðar. Þeir verða lengur á degi hverjum á nýjum stað og við það má hagræða í Hulduhlíð eins og fram hefur komið. Markmiðið er betri þjónusta fyrir u.þ.b. sama kostnað.

02590 Stuðningsfjölskyldur

Lögð til umtalsverð hækkun milli 2017 og 2018 af eftirtöldum ástæðum:

Ástæður þessara hækkana eru

- 1) að greiðslur hafa að takmörkuðu leyti fylgt launa- og verðlagsþróun undanfarin ár,
- 2) að með þessu er myndaður hvati til að afla fleiri stuðningsfjölskyldna, en það hefur reynst erfitt, m.a. vegna þess að mikil vinna er að baki lágum greiðslum,
- 3) að með þessu er leitast við að draga úr þjónustu skammtímavistana sem er dýr, einkum á eina skammtímavistunarheimilinu á höfuðborgarasvæðinu utan Reykjavíkur (Móaflöt í Garðabæ), auk þess sem dvöl hjá fjölskyldu þá 2-4 sólarhringa í mánuði sem um er að ræða þykir eðlilegri og æskilegri en dvöl á stofnun á borð við skammtímavistunarheimili.

02620 Fræðslu- og forvarnarstarf

Áætlunin gerir ráð fyrir að verkefni á sviðið fræðslu- og forvarnarstarfs í málum barna séu með sama hætti og undanfarin ár.

02650 Jafnréttismál

Áætlunin gerir ráð fyrir að í tengslum við jafnréttisdag Mosfellsbæjar um miðjan september verði haldinn landsfundur jafnréttisnefnda á Íslandi í samvinnu við Jafnréttisstofu. Á árinu 2018 eru tíu ár frá því að hinn árlegi jafnréttisdagur var fyrst haldinn í bæjarfélaginu. Gert er ráð fyrir útgjöldum vegna jafnréttisviðurkenningar, fræðsluáttaks til grunnskóla, útgáfu fræðslumyndbands og kynningar á því, fræðsluefnis, forvarnarverkefnis og fræðslufunda.

Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku jafnréttisfulltrúa á árlegum fundi jafnréttisnefnda fræðslu til starfsmanna, samþættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og þarfagreiningu í frístundastarfi.

02710 Ýmis lögbundin framlög

Áætlun er í samræmi við ákvæð laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

02810 Ýmsir styrkir

Árlegur styrkur til félagsmála er óbreyttur frá yfirstandandi ári, kr. 800 þús.kr., og styrkur til FAMOS er í samræmi við samning við félagið. Þá er gert ráð fyrir greiðslum Mosfellsbæjar til Fjölsmiðjunnar í samræmi við samning þar að lútandi. Útgjöld lækka vegna þess að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um framlag til varasjóðs húsnæðismála hefur ekki verið framlengt.

02-61 Félagslegar leiguíbúðir

Áætlun vegna félagslegra íbúða tekur mið af rekstri ársins 2017. Útgjöld til viðhalds taka mið af úttekt og brýnum verkefnum til að sporna gegn frekari skemmdum á húsnæði en orðið hefur. Áætlun ársins 2018 er hækkuð um 500 þús.kr.

Í eignfærðri fjárfestingu er gert ráð fyrir kaupum á félagslegri leiguíbúð, auk veitingu stofnframlaga til kaupa á leiguíbúðum í samræmi við ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

04/06 – FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ

04 – Fræðsluskrifstofa

Stofnanir og verkefni á fræðslusviði eru færðar á 26 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2018. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk en mikið samstarf er á milli stofnana á sviðinu sem og við aðrar starfseiningar Mosfellsbæjar. Innan sviðsins er rekstur allra leik- og grunnskóla bæjarins, Listaskóla Mosfellsbæjar, frístundaselja og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Auk þess er fært á sérstakar bókhaldsdeildir rekstur fræðsluskrifstofu, niðurgreiðslur til dagvistunar barna, ýmsir styrkir, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir Umferðarskólann unga vegfarendur og innri húsaleiga vegna Borgarholtsskóla og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Fræðslunefnd, 04-01

Nefndarfundir eru áætlaðir 12 á árinu, en það er sambærilegt og síðastliðin ár.

Fræðsluskrifstofa, 04-02

Fræðsluskrifstofa stýrir miðlægri þjónustu og samstarfi eins og sérfræðiþjónustu. Hér er færður kostnaður vegna námsgagnakaupa í grunnskólum, verkefnið gjaldfrjáls grunnskóli. Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu er millifærður yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun. Kostnaður vegna talmeinaþjónustu sem Velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert samning um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn. Fjármagn til stefnumörkunar í upplýsinga- og tæknimálum í leik- og grunnskólum er á fært á þennan lið auk ýmissa styrkja.

Leikskólar Mosfellsbæjar, 04-101; 04-102; 04-103; 04-104; 04-105; 04-16; 04-18; 04-20; 04-23

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir ásamt Krikaskóla þjóni börnum frá 2-5 ára aldurs eða þar til grunnskóli tekur við. Á Hlíð og Hlaðhömrum eru auk þess ungbarnadeildir fyrir börn á aldrinum 15-24 mánaða. Fjölgun hefur orðið í öllum leikskólum nema einum. Í stefnu Mosfellsbæjar er stefnt að því að auka enn frekar rafræna þjónustu og gert er ráð fyrir kostnaði á alla leikskóla til að greiða fyrir sérstakt skráningar- og vefsíðukerfi. Í júlí verður boðið upp á sumarskóla leikskólanna líkt og þannig er boðið upp á samelda þjónustu innan leikskólanna allt árið. Veruleg fækkun er á börnum í júlímánuði í leikskólum vegna sumarfría því kjörið að veita þjónustu í einum stað í bænum þannig næst betri nýting á fjármagni og faglegu skipulagi leikskólastarfs.

Niðurgreidd leikskólagjöld, 04-19 // 02-19

Félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02-19 og eru þær niðurgreiðslur tekjutengdar. Tekjuviðmið hækka í samræmi við launavísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðarfræði og er við lýði í nágrannasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir niðurgreiðslu leikskólagjalda hjá einkareknum leikskólum og dagforeldrum. Einnig er hér bókaður kostnaður vegna niðurgreiðslna til dagforeldra. Kostnaður vegna systkinaafsláttar í frístundaseljum



grunnskólanna, sem og greiðslur vegna leikskólabarna sem njóta leikskólaþjónustu í öðrum sveitarfélögum.

Grunnskólar, 04-201; 04-203; 04-205; 04-206; 04-208

Grunnskólanemendum fjölga milli ára og er fjölgunin einkum hjá Varmárskóla og Helgafellsskóla. Brúarland er undanfari Helgafellsskóla og tók til starfa haustið 2016 með kennslu fyrir 1. og 2. bekk en skólaárið 2017-18 er kennt í 1.-4. bekk. Haustið 2018 mun 5. bekkur bættast við. Fjölgun nemenda í bænum kallar á aukinn kostnað innan skólanna, sérstaklega í Varmárskóla og Helgafellsskóla (Brúarland).

Nemendum með sérþarfir fer fjölgandi í grunnskólum og því verður sérstök áhersla lögð á endurskoðun á skipulagi sértækra úrræða og sérfræðiþjónustu.

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar er í takt við samþykktar stefnur sveitarfélagsins í fræðslumálum. Innan grunnskólanna starfar metnaðarfullt starfsfólk sem býr yfir fagkunnáttu og uppeldisreynslu. Stefnt er að því að auka sveigjanleika í skólastarfi þar sem horft er til samþættingar skóla- og frístundastarfs

04-270 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda

Kostnaður vegna verkefnisins um aukna ungbarnaþjónusta er á þessum lið, gert ráð fyrir 20 nýjum plássum í viðbót við þau 28 sem fyrir voru. Inn á þennan bókhaldslið eru færð útgjöld vegna skólavistar grunnskólanemenda í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Aukin kostnaður er vegna barna sem eru í grunnskóla utan sveitarfélagsins og hefur aukist töluvert frá því í fyrra. Aukin kostnaður er vegna þjónustu sem sótt er til Reykjavíkur vegna barna með fötlun (t.d í Klettaskóla) og hafa þau aldri verið fleiri. Því til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun milli ára í almennum gjaldi.

Frístunda, 04-281; 04-283; 04-284; 04-289

Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur farið vaxandi síðastliðið ár og eykst í takt við fjölgun barna í bænum. Sérstakur stuðningur við börn með fötlun innan frístundaseljanna (6-9 ára) er einnig að aukast og kallar það á kostnað. Frístund fatlaðra fyrir 10-15 ára er í fyrsta sinn tilgreind sérstaklega. Hér er um að ræða börn sem þurfa á heilsdagsþjónustu að halda en eru orðin of gömul til að nýta sér þjónustu frístundaselja. Stefnt er að því að í Frístund fatlaðra verði áfram staðsett í Lágafellsskóla og þróist í að veita þjónustu fyrir aðra grunnskóla í bænum.

04-29 Flutningur nemenda

Skólaakstur var boðinn árið 2017 og er hann dýrari en árið áður sem helgast meðal annars af auknum fjölda nemenda og breyttu fyrirkomulagi aksturs. Um er að ræða akstur vegna frístundastarfs, almennan skólaakstur til og frá Varmárskóla, greiðsla í almenningsvagna, akstur í íþróttahúsið að Varmá úr Lágafellsskóla, akstur vegna leikskóla og vegna Krikaskóla. Hér bætist einnig við skólaakstur fyrir nemendur í Klettaskóla en þeir nemendur hafa aldrei



verið fleiri. Að auki er um að ræða akstur frá skóla og á frístundaheimili. Þessum akstri fylgir kostnaður vegna starfsmanns sem þarf að vera í bílnum með bílstjóra sem og sérúrræði vegna tveggja nemanda sem vegna sérstakra aðstæðna ferðast einir í bifreið.

04-41 Borgarholtsskóli

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í Borgarholts-skóla er eignfærður.

04-42 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í framhaldsskólanum er eignfærður.

04-51 Listaskóli Mosfellsbæjar

Á þessum lið er færð fjárhagsáætlun Listaskólans sem samanstendur af rekstri tónlistarskóla auk greiðslum til Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellsbæjar. Kostnaður vegna nemenda í framhaldsnámi er færður alfarið á skólann, en jafnframt berast greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna þessarar kennslu. Samkomulag Sambandsins við ríkið um framhald um tónlistarnemendur í framhaldsnámi er þannig úr garði gert að Mosfellsbær borgar með verkefninu. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í Listaskólanum. Lagt er til að fjármagni verði veitt til að taka á móti fleiri nemendum í Listaskólanum (Tónlistarskólanum) á árinu þar sem sérstaklega verður stefnt að aukinni hópkenndu í samstarfi við grunnskólana.

04-52 Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Samningur við umferðarráð og umferðarkennsla 5 ára barna að vori er færður til kostnaðar á þessa bókhaldsdeild.

04-53 Skólahljómsveit


Hér er færður allur kostnaður við rekstur Skólahljómsveitar en hún er staðsett í Varmárskóla. Í ár er gert ráð fyrir auknu fjármagni til að endurnýja hljóðfæri.

04-81 Ýmsir styrkir

Hér er greitt fyrir samninga vegna íslenskukennslu erlendra borgara á Íslandi, sem gert er ráð fyrir að aukist á árinu. Hér er líka gert ráð fyrir styrk til Íþróttakademíu FMOS, vegna hestabrautar.

06 – Frístundaskrifstofa

Stofnanir á sviðinu eru færðar á 18 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2017. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en mikið samstarf er milli stofnana á sviðinu og milli sviða. Innan sviðsins eru meðal annars skrifstofa frístundasviðs, Íþrótt- og tómstundaskóli Mosfellsbæjar, Vinnuskóli Mosfellsbæjar, Félagsmiðstöðin Ból og ungmennahús, Íþróttamiðstöðin að Varmá og Íþróttamiðstöðin Lágafell. Auk þess er færður á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis kostnaður,



svo sem kostnaður vegna skólagarða og tjaldsvæðis sem og annarra íþróttamannvirkja, gervigrasvallar við Varmá og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, en einnig rekstur og styrkir til félaga og vegna íþrótt- og tómstundamála, auk útgjalda vegna íþrótt- og tómstundanefndar.

06-01 Íþrótt- og tómstundanefnd

Gert er ráð fyrir 9 fundum árið 2017 en það er sambærilegt og síðastliðin ár.

06-02 Frístundaskrifstofa

Launa- og rekstrarkostnaður skrifstofunnar er færður hér inn. Þá er færður húsaleigukostnaður og hluti kostnaðar vegna frístundaverkefna eins og greiðslur vegna kostnaðar við íþróttafjör.

06-24 Íþrótt- og tómstundaskóli

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna sumarnámskeiða í Mosfellsbæ. Hér er einnig bókfærður kostnaður vegna fatlaðra barna við Klettaskóla sem sækja frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar á vegum Reykjavíkurborgar eftir að skóladegi lýkur frá ágúst til júní. Börn sem sækja þá þjónustu hafa aldrei verið fleiri og kostnaður er að hækka töluvert. Á þessi liður hefur nú verið leiðréttur miðað við raunkostnað.

06-27 Vinnuskóli

Vinnuskólinn gerir ráð fyrir venjubundinni starfsemi fyrir 13-16 ára aldurshópinn. Gert er ráð fyrir að sumarvinna ungmenna 16 ára og eldri dragist saman vegna batnandi árferðis á almennum vinnumarkaði. Á vinnuskólann eru einnig færðar til gjalda greiðslur til ungmenna sem fá styrk frá bænum til að stunda íþróttir, tómstundir og listir yfir sumartímann.

06-31 Félagsmiðstöðin Ból og ungmennahús

Starfssemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir börn og unglinga í Lágafellsskóla og Varmárskóla er að aukast í takt við aukinn fjölda barna og unglinga í bæjarfélaginu. Opnuð hefur verið aðstaða til tónlistaræfinga í kjallara Bólsins. Hér hefur verið gert ráð fyrir auknum launakostnaði vegna starfsemi félagsmiðstöðvar og ungmennahúss sem hóf starfsemi sína í framhaldsskólanum haustið 2017.

06-51 Íþróttamiðstöðin að Varmá

Tekjur vegna aðgangaeyris, vörusölu og fleira hækkar örlítið milli ára. Millifærslur hækka þar sem skólar og íþróttafélög og félag eldri borgara hafa aukið notkun sína á íþróttasölum. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna endurnýjunar á búnaði til íþróttakennslu, kaupum á búnaði í fimleikahúsi og almennu viðhaldi innanhúss.

06-58 Íþróttamiðstöðin Lágafell

Lágafellslaug er ein vinsælasta sundlaug landsins. Gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna aukinnar aðsóknar í laugina og gesta í líkamsræktina World Class. Launakostnaður eykst vegna aukinnar aðsóknar og fjölgunar starfsmanna á álagstímum um kvöld og helgar auk þess þörf



fyrir sumarafleysingu var endurskoðuð. Þjónustustig laugarinnar verður aukið og bætt verður við opnun á tveimur hátíðisdögum, föstudeginum langa og annan í Hvítasunnu. Viðhalds- og þjónustukaupaliðir hækka meðal annars vegna kaupum á húsgögnum á sundlaugarbakkann, endurnýjun á skápa og lyklakerfa og annarrar aðstöðu innanhúss.

06-61 Íþróttavöllurinn Tungubökkum

Mosfellsbær rekur íþróttaaðstöðuna við Tungubakka. Hér eru millifærð leigugjöld vegna vallanna og búningsaðstöðu og rekstrargjöld vegna viðhalds vallarins. Notkun á vellinum hófst mun fyrr en oft áður og hann er nýttur lengra fram á vorið. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði samhliða því.

06-62 Gervigrasvöllurinn að Varmá.

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna gervigrasvallarins að Varmá, rafmagni, hita og viðhaldi/rekstri. Þá hafa tekjur vegna vallarins einnig verið færðar hér. Aukið fjármagn þarf til að fjárfesta í nýjum mörkum á völinn þar sem eldri mörk eru ekki nothæf á nýja völinn.

Íþrótt- og tómstundafélög, 06-81; 06-82; 06-84; 06-86; 06-87

Á árinu 2013 voru gerðir tímamótasamningar við íþrótt- og tómstundafélög Mosfellsbæjar og gilda þeir til 31.12.2017. Framlög in í samningunum eru vísitölutryggð og hækka þar af leiðandi samhliða þeirri hækkun. Samningarnir eru skýrir og gegnsæir og með þeim er félögunum tryggt fé til reksturs. Fjármagnið er eyrnamerkt er ákveðnum starfspáttum innan félaganna. Skátafélagið Mosverjar og Golfklúbbur Mosfellsbæjar er komnir í eigið húsnæði og gert er ráð fyrir framlagi vegna notkunar þess húsnæðis í samræmi við önnur félög í bænum

06-85 Stjórn skíðasvæða.

Kostnaður vegna uppbyggingar Bláfjalla og Skálafells er í samræmi við samninga og samkomulag sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur svæðanna hverju sinni. Nýr samningur var undirritaður á haustdögum 2016.

06-89 Ýmsir styrkir.

Lagt er til að frístundaávisun muni hækka frá hausti 2018 í 50 þ.kr., frá 32.500 kr. Hér eru einnig færð til bókar önnur félög sem ekki hafa sérdeildir innan fjárhagsáætlunar eins og skíðadeild KR og Mótomos.



08/09/10/11/31/33/43/47/63 UMhverfissvið

Skýringar við einstaka af ofangreindum málaflokkum á tækni- og umhverfissviði eru sem hér segir:

08210 Sorphirða

Gert er ráð fyrir hækkun sorphirðugjalds um 1.900 kr. milli ára og verði 28 þús.kr. vegna magnaukningar á sorpi. Á endurvinnslustöðvum er gert er ráð fyrir aukinni flokkun og þjónusta verður bætt með fjölgun grenndarstöðva í bæjarfélaginu og flokkun plasts við heimili íbúa.

08230 Sorpeyðing

Undir þessum lið eru færðar greiðslur til byggðasamlagsins SORPU bs. í samræmi við eigendasamkomulag. Kostnaður skiptist í þrjá liði; rekstur endurvinnslustöðva, rekstur grenndargámastöðva og móttöku sorps. Hækkun liðarins umfram verðlagsþróun er vegna breytinga á endurvinnslu- og grenndarstöðvum, framkvæmdum á vegum SORPU bs. og lántökur sem eru þeim tengdar. Aukning kostnaðarliða endurvinnslustöðva SORPU nemur um 25% síðastliðin ár en það stafar af aukningu á magni úrgangs milli ára.

09020 Skrifstofa bæjarverkfræðings

Umfang rekstrar er svipað og verið hefur síðastliðin ár. Gert er ráð fyrir þremur fastráðnum starfsmönnum á deildinni auk sumarstarfsmanns.

09110 Mæling, skráning og kortagerð

Kostnaður við rekstur landupplýsingakerfis og tengdra gagnagrunna er færður undir þennan lið. Tekjur koma frá veitum enda eru allar teikningar færðar inn í kerfið og breytingar af götum og veitukerfum í sveitarfélaginu sem og öllum öðrum mannvirkjum. Búið er að innleiða ábendingakerfi sem tengt er kortagrunni á heimasíðu og opna inn á gagnasjá þar sem teikningar fasteigna eru vistaðar. Sérstök áhersla verður lögð á að uppfæra veitugögn á árinu 2018.

09010 Skipulagsnefnd

Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda funda árið 2018 og var árið 2017 í skipulagsnefnd. Skipulagsnefnd stefnir að því að lokið verði við mótun samgöngustefnu á árinu 2018.

09230 Deiliskipulag

Gert er ráð fyrir aukningu útgjalda vegna aðkeyptrar þjónustu við deiliskipulagsgerð. Sérstök áhersla verður lögð á vinnu við grænt skipulag á árinu 2018.

09240 Svæðisskipulag

Ráðgert er að hlutdeild Mosfellsbæjar í gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið verði lægri en á síðastliðnu ári.

09520 Byggingaeftirlit

Hér undir færast tekjur af byggingarleyfisgjöldum og útgjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir hækkun útgjalda til málaflokksins frá síðasta ári en einnig auknum tekjum



vegna fjölgunar byggingarleyfisumsókna í nýjum hverfum. Á árinu 2017 var samið við óháða skoðunarstofu um yfirferð uppdráttar og byggingareftirlit. Gert er ráð fyrir ráðningu nýs byggingarfulltrúa á árinu 2018.

10030 Sameiginlegur kostnaður

Verktakakostnaður eykst milli ára en síðustu ár hefur gatnakerfi Mosfellsbæjar stækkað þó nokkuð. Annars vegar með tilkomu nýrra hverfa og hins vegar vegna yfirtöku héraðsvega frá Vegagerðinni. Reynt verður að halda í horfinu með viðhaldi, holufyllingum og heflun malarvega í sveitarfélaginu. Þjónustustig verður aukið hvað varðar sópun gatna að vori til m.a. í þeim tilgangi að minnka svifryksmengun í þéttbýli.

10310 Götulýsing

Gert er ráð fyrir að kostnaður við götulýsingu verði sambærilegur og á síðasta ári. Breytingar milli ára stafa fyrst og fremst af magnaukningu sem er til komin vegna stækkunar bæjarins.

10510 Gangbrautir og umferðarmerki

Gangbrautir og umferðarmerki er liður sem hækkar milli ára. Umferðarskiltum verður að viðhalda og hafa í góðu ásigkomulagi. Það sama gildir um gatnamerkingar og aðrar leiðbeiningar til vegfarenda.

10610 Snjómokstur og hálkueyðing

Gert er ráð fyrir að snjó- og hálkueyðing verði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Síðasta ár var þungt í snjómokstri en miðað er við að árið 2018 verði nær meðalári.

10710 Strætó

Áætlun fyrir árið 2018 vegna hlutdeildar Mosfellsbæjar í akstri Strætó bs. á skilgreindum leiðakerfum höfuðborgarsvæðisins er í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlunar í stjórn Strætó bs. Þörf er á þjónustuaukningu á árinu 2018 í Mosfellsbæ en ráðgert er að það verði leyst með leið 6A sem fer upp í Helgafellshverfi. Ennfremur er í gangi skoðun á samgöngum upp í Leirvogstunguhverfið.

10720 Biðskýli

Gert er ráð fyrir að viðhald eldri biðskýla verði með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár, þ.e. að biðskýlin eru máluð þegar þörf krefur og skipt um gler, staura, bekkir og annað sem skemmist eftir þörfum, ásamt því að eitt skýli verði endurnýjað á árinu 2018.

11010 Umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir 11 fundum í umhverfisnefnd árið 2018 eða sama fjölda og á síðasta ári. Verkefni sem tilheyra þessum málaflokki hafa aukist á síðustu árum og eru jafnframt bæði þyngri og fyrirferðarmeiri. Er það almennt í takt við breytta þjóðfélagsmynd og breytingar á lagaumhverfi. Umhverfisnefnd hefur á sinni könnu stefnumótun á sviði umhverfismála þ.m.t. gróðri opinna svæða og skógrækt sem rata munu inn í gerð nýrrar umhverfisstefnu á árinu 2018. Gert er ráð fyrir opnum fundum umhverfisnefndar á árinu 2018 í tengslum við mótun umhverfisstefnu og því eru einstakir kostnaðarliðir við fundarhöld eilítið hærri.

11020 Umhverfisleik og Staðardagskrá

Á árinu 2018 er stefnt að fleiri fræðslufundum á sviði umhverfismála sem og vinnu í tengslum við nýja umhverfisstefnu þar sem Heimmarkmið Sameinuðu þjóðanna verða höfð til hliðsjónar. Mikil ánægja var með þá áherslu sem lögð var á samgönguviku og heilsueflingu á síðastliðnu ári og verður áfram haldið á þeirri vegferð. Framundan er einnig kynning á auknum möguleikum á vistvænum samgöngum auk kynningar á aukinni flokkun úrgangs við heimili bæjarbúa þegar söfnun plasts verður hafin á næsta ári.

11310 Garðyrkjudeild

Til þess að halda í við stækkun bæjarfélagsins og þar með fjölgun opinna svæða með tilkomu nýrra hverfa krefst talsverðrar útsjónarsemi. Vinna þarf áfram í stefnumótun málaflokksins og gera fleiri svæði sjálfbær í umhirðu til þess að hægt verði að nýta fjármuni betur.

11410 Opin svæði

Með stækkun bæjarins fjölga þeim svæðum sem þarf að slá og hirða, þannig eru komin inn ný svæði bæði í Leirvogstungu og Helgafellshverfi sem þarf að hirða. Af þeim sökum eykst verktakakostnaður vegna grassláttar og umhirðu. Hirðustig er að öðru leyti svipað og verið hefur undanfarin ár. Hugað verður sérstaklega að því að hefta útbreiðslu ágengra plantna árið 2018. Þá verður áfram unnið í samvinnu við Umhverfisstofnun að uppbyggingu friðlýstra svæða m.a. með nýjum upplýsingaskiltum og stígum.

11430 Leikvellir

Stefnt er að svipuðu umhirðustigi leikvalla og verið hefur síðastliðin ár. Farið verður í endurbætur leiktækja á þeim eldri leiksvæðum þar sem þörfin er mest.

11440 Garðlönd

Gert er ráð fyrir að umfang garðlanda verði með minna móti en undanfarin ár, þannig falla nú brott garðlönd við Desjamýri. Ekki gert ráð fyrir aukningu þar sem hámarki í fjölda úthlutaðra garða var náð árið 2011 og eftirspurn hefur farið minnkandi síðan. Þó að aðsókn hafi dalað þá hefur þótt rétt að halda þessum möguleika opnum fyrir bæjarbúa sem sjálfir vilja rækta sitt grænmeti.

31100 Skrifstofa Eignarsjóðs

Rekstur Eignarsjóðs verður með svipuðu sniði og verið hefur á undanförunum árum, þó er gert ráð fyrir aukastöðugildi vegna langtímaveikinda. Þó er rekstrar- og viðhaldspáttur nú að mestu leyti staðsettur í þjónustustöðinni þar sem deildarstjóri og yfirmaður trésmiðju sinna stýringu daglegra verkefna. Stefnt er að því að koma á fót teymi tveggja iðnaðarmanna sem sinnir einfaldari viðhaldsverkefnum og hagræða þar í kostnaði vegna útkalla í kringum smáverkefni, sjá nánar skýringu undir liðnum Trésmiðja.

33210 Þjónustustöð

Breytingar eru gerðar á árinu 2018 vegna tilfærslu stöðugilda í samræmi við nýja deildaskiptingu innan Þjónustustöðvar. Stöðugildi í þjónustustöð í heild eru áætluð 2 færri en árinu áður.



33240 Trésmiðja

Gert er ráð fyrir hækkun kostnaðar milli ára sem stafar af stærstum hluta til vegna nýs starfsmanns. Trésmiðja hefur verið stoðdeild fyrir Eignasjóð sem gert hefur það að verkum að mögulegt hefur verið að hagræða í smíðakostnaði. Tilgangurinn er að hagræða í heildarútgjöldum og ná fram lægri viðhaldskostnaðar Eignasjóðs. Hækkun á þessum lið leiðir því til lækkunar kostnaðar á öðrum liðum innan Eignasjóðs.

33310 Vélar

Gert er ráð fyrir auknum viðhaldskostnaði við vélar þar sem saltkassi á vörubíl og búnaður til snjómoksturs þarfnast endurnýjunar.

43210 Almennur rekstur Vatnsveitu

Mikil fjölgun í lagningu heimæða gerir það að verkum að rekstur veitu eykst aðeins að umfangi. Unnið verður áfram að þróun kerfis og áataksverkefnum í samræmi við þróunarskýrslu sem staðfest var í bæjarráði. Stærsta einstaka verkefnið er undirbúningur vatnstanks í hlíðum Úlfarsfells.

43220 Keypt kalt vatn

Gert er ráð fyrir lítilsháttar aukningu í kaupum á köldu vatni milli ára. Stefna þarf að nýjum samningum um vatnskaup og lækkun kostnaðar á aðkeyptu vatni. Ennfremur er gert ráð fyrir að Laxnesdý nýtist betur eftir endurnýjun lagna í Mosfellsdal árið 2018.

43230 Viðhald veitukerfis

Viðhald veitukerfis er liður sem hækkar í takt við aldur kerfisins. Unnið hefur verið að innra eftirliti og lekaleitum í kerfinu. Mikil áhersla verður lögð árið 2018 á bættar ofanvatnslausnir.



05/07/08/13/21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR, ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTADEILD, FJÁRMÁLADEILD OG MANNAUÐSDEILD

Á eftirtalda liði er færður kostnaður vegna málaflokka sem eru á forræði forstöðumanna í þjónustu- og samskiptadeild, mannauðsdeild og fjármáladeild. Málaflokkarnir spanna breytt svið eins og menningartengd verkefni, kynningarmál og almennan skrifstofurekstur, mannauðs- og launamál auk allrar umsýslu fjármála bæjarins. Stofnanirnar sem tilheyra deildunum eru: Bæjarskrifstofur, Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn.

Færður er á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis menningarkostnaður, kostnaður við árlega menningarviðburði, kostnaður vegna fornleifaverkefnis, framlög til lista- og menningarsjóðs, vinabæjartengsl, bæjarhátíðina “Í túninu heima” og þróunar- og ferðamál almennt. Á sviðið er einnig færður kostnaður vegna reksturs Héraðsskjalasafns.

05010 Menningarmálanefnd

Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda nefndarfunda milli ára.

05020 Skrifstofa menningarsviðs

Ekki er lengur áætlað á þennan lið, skrifstofu menningarsviðs, á árinu 2018 þar sem skrifstofa menningarsviðs heyrir nú beint undir forstöðumanns menningarmála, í stað forstöðumanns þjónustu- og samskiptadeildar. Tilgangur þessarar breytingar er að efla menningarstarf og auðvelda samspil milli þeirra stofnana sem sinna menningarmálum og framkvæmd menningarviðburða.

05030 Laxnessetur

Á þennan lið er áætluð sama fjárhæð og árið 2017.

05110 Bókasafn

Rekstur bókasafns verður með óbreyttu sniði milli ára. Bókasafnið og Listasalur Mosfellsbæjar munu halda áfram að vera í fararbroddi menningarmála á vegum sveitarfélagsins, enda mikilvægur samkomustaður bæjarbúa í félagslegu, menningarlegu og listrænu tilliti. Aukin fjárframlög milli ára felast annars vegar í auknum launakostnaði vegna langtímaveikinda starfsmanns og fæðingarorlofs og hins vegar í nauðsynlegri endurnýjun skrifstofubúnaðar. Loks er nokkur aukning vegna kaupa á vinnu listamanna til að geta aukið viðburðahald á bókasafninu og listasal Mosfellsbæjar. Útlán eru án endurgjalds

05310 Héraðsskjalasafn

Rekstur héraðsskjalasafns verður að mestu með óbreyttu sniði milli ára og liggur kostnaður þess í húsaleigu og launakostnaði. Sú breyting verður gerð á innra skipulagi þjónustu- og samskiptadeildar að starfsemi héraðsskjalasafns verður í framtíðinni sjálfstæður hluti af annarri starfsemi menningarstofnana bæjarins. Safnið hefur eflst á síðustu árum og afhendingum skjala, fyrirspurnum og almennri þjónustu við íbúa og fræðimenn hefur aukist jafnt og þétt.

05520 Listasalur

Hér er bókfærður kostnaður við Listasal Mosfellsbæjar þ.e. innkaup og þjónusta. Starfsmenn salarins eru starfsmenn Bókasafns og hefur forstöðumaður menningarmála yfirumsjón með rekstri Listasalarins.

05720...90 Hátíðahöld

Hér undir flokkast þjóðhátíð 17. júní, áramót, þrettándinn og öskudagur, Í túninu heima og ýmis hátíðarhöld. Stefnt er að því að kostnaður og umfang viðburða eins og Þrettándabrennu, Sumardagsins fyrsta, Menningarvors og bæjarhátíðin Í túninu heima verði með svipuðu sniði og undanfarin ár.

05880 Aðrir styrkir

Hér eru bókfærðir almennir styrkir til félaga vegna húsaleigu og framlög bæjarsjóðs í Lista- og menningarsjóð. Framlög eru með sama hætti og síðasta ár fyrir utan 500 þ.kr. hækkun í Lista- og menningarsjóð. Gert er ráð fyrir að laun bæjarlistamanns séu greidd af þessum lið. Húsaleiga er nú einnig færð til bókar sem styrkur, fyrir afnot lista- og menningarfélaga af húseignum bæjarfélagsins.

21710 Vinabæjartengsl

Mosfellsbær verður gestgjafi norræns vinabæjarmóts í ágúst 2018 en bærinn er í því hlutverki á 10 ára fresti. Vinabæir Mosfellsbæjar eru Thisted, Loimaa, Skien og Uddevalla.

Vinabæjarmótið stendur í þrjá daga og áætlaður fjöldi gesta og heimamanna er um 120 fullorðnir auk 25 ungmenna. Gert er ráð fyrir allt að 9 m.kr. framlagi til vinabæjatengsla á næsta ári sem felst m.a. í menningarviðburði, ungmennaverkefni á Úlfjótssvatni og loks sjálfu vinabæjarmótinu sem stendur yfir í þrjá daga.

07–21 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins SHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs slökkviliðsins samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn SHS og vísast til áætlunarinnar sjálfar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.

07–41 Almannaþingir höfuðborgarsvæðisins AHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs almannaþinga samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn AHS og vísast til áætlunarinnar sjálfar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.

03 Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósarhrepps. Áætlunin byggir á upplýsingum úr fjárhagsáætlun heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis.

13-01 Þróunar og ferðamálanefnd

Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda nefndarfunda og verið hefur síðustu ár. Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við þróunar- og ferðamál eru með svipuðum hætti og sl. ár. Eftirlit með rekstri tjaldstæðis er hluti af verkefnum nefndarinnar, en tjaldstæði er bókfært á íprótta- og tómstundasviði.



Á meðal verkefna nefndarinnar er yfirumsjón með Heilsuefandi samfélagi sem er verkstýrt af Heilsuvin ehf. Kostnaður vegna þeirrar þjónustu er bókfærður á nefndina sjálfa. Verkefnið Heilsuefandi samfélag er þróunarverkefni sem Mosfellsbær var fyrst íslenskra sveitarfélaga til að innleiða.

21-01..82 Sameiginlegur kostnaður

Hér bókast allur dæmigerður yfirstjórnarkostnaður eins og kostnaður við bæjarstjórn, bæjarráð og almennur skrifstofukostnaður. Kostnaðarhlutdeild B-hluta stofnana bæjarins í sameiginlegum kostnaði bæjarins hefur verið tekjufærð hjá málaflokknum og að sama skapi gjaldfærð hjá viðkomandi stofnunum eins og venja er.

21-41 Þjónustu- og samskiptadeild

Undir þessum lið er bókaður launakostnaður vegna starfsmanna í þjónustu- og samskiptadeild auk bæjarstjóra. Í þjónustu- og samskiptadeild starfa tíu starfsmenn í rúmlega níu stöðugildum. Þar teljast þjónustufulltrúar, matráður, skjalastjóri, lögmaður og forstöðumaður. Rekstur bæjarskrifstofu þ.m.t. mötuneyti, öryggisgæsla, þjónustuver, húsaleiga og rekstrarvörur er bókaður á þennan lið. Gert er ráð fyrir svipuðum útgjöldum á milli ára.

21-42 Fjármáladeild

Fjármáladeild sér um umsýslu fjármála bæjarins. Í deildinni starfa fimm starfsmenn í fjórum stöðugildum auk fjármálastjóra. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga, innheimtu fasteignagjalda og annarra gjalda. Hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð og gerð viðauka við fjárhagsáætlun og hefur umsjón með útgáfu skuldabréfa. Annast samskipti við fjármálastofnanir, verðbréfafyrirtæki og endurskoðendur. Loks ber fjármáladeild ábyrgð á og hefur umsjón með árshlutauppgjörum og gerð ársreiknings. Rekstrarkostnaður fjármáladeildar samanstendur að mestu af launakostnaði, innheimtukostnaði vegna útsvars sem rennur til ríkisins og árgjaldi til Þjóðskrár Íslands vegna fasteignaskrár. Þá er gert ráð fyrir því að unnið verði að því að opna bókhald Mosfellsbæjar almenningi.

21-43 Mannauðsdeild

Mannauðsdeild veitir öllum sviðum, deildum og stofnunum bæjarins ráðgjöf á sviði launasetningar, samningagerðar, ráðgjafar í starfsmannamálum og veitir stuðning til stofnana eftir þörfum og beiðni hverju sinni. Á deildinni starfa þrír starfsmenn auk mannauðsstjóra sem veitir deildinni forstöðu. Gert er ráð fyrir því að á árinu 2018 verði ráðin starfsmaður í hálfu starf á deildinni sem sinni bæði mannauðs-, gæða- og jafnréttisverkefnum.

21-45 Upplýsingatækni

Hér er bókaður kostnaður vegna leigu og þjónustu miðlægra hugbúnaðarkerfa. Hér er um að ræða NAV fjárhagskerfið, Tímon, vefumsjónarkerfi, OneSystems skjalavistunarkerfi og H-laun svo nokkuð sé nefnt. Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði á milli ára með tilliti til gildandi samninga.

Samantekið - A og B hluti

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	5.429.815	6.006.906	6.766.725	7.149.325	7.538.241	7.878.971
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.467.641	1.507.219	1.665.225	1.757.264	1.851.397	1.923.382
Þjónustutekjur.....	2.207.768	2.135.425	2.150.241	2.314.853	2.487.414	2.606.088
	9.105.224	9.649.550	10.582.191	11.221.442	11.877.052	12.408.441
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	3.926.586	4.319.026	4.723.627	5.038.226	5.263.046	5.437.020
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	224.411	416.000	198.650	217.300	235.950	254.600
Annar rekstrarkostnaður.....	3.635.257	3.847.146	4.346.154	4.636.377	4.889.072	5.074.463
	7.786.254	8.582.172	9.268.431	9.891.903	10.388.067	10.766.083
Framlegð	1.318.970	1.067.378	1.313.760	1.329.539	1.488.984	1.642.358
Afskriftir.....	336.001	321.890	328.243	358.646	381.608	402.854
Niðurstaða án fjármagnsliða	982.969	745.487	985.517	970.893	1.107.376	1.239.503
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(567.104)	(487.240)	(649.679)	(649.090)	(632.435)	(614.419)
Tekjuskattur.....	(35.865)	(29.050)	(27.138)	(28.115)	(29.128)	(30.089)
Rekstrarniðurstaða.....	380.000	229.198	308.700	293.688	445.813	594.996

Samantekið - A og B hluti

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	10.393.785	10.801.442	12.107.117	12.653.578	13.156.001	13.561.627
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	2.905.892	2.834.846	2.815.688	2.924.000	3.008.438	3.089.251
Vélar, áhöld og tæki	33.428	35.100	36.332	35.904	34.426	31.898
Leigugeignir	91.732	73.340	54.948	36.557	18.165	0
	13.424.837	13.744.728	15.014.085	15.650.039	16.217.030	16.682.776
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	249.268	249.268	249.268	249.268	249.268	249.268
Skatteign	13.465	13.465	13.465	13.465	13.465	13.465
Langtímakröfur	895.534	1.307.012	1.294.337	1.284.018	1.271.370	1.257.024
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	1.158.267	1.569.745	1.557.070	1.546.751	1.534.103	1.519.757
Fastafjármunir	14.583.104	15.314.473	16.571.154	17.196.790	17.751.133	18.202.533
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	4.338	4.338	4.338	4.338	4.338	4.338
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	532.523	532.523	532.523	532.523	532.523	532.523
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0 (	0) (	0)
Aðrar skammtímakröfur	676.407	677.056	677.056	677.056	677.056	677.056
Næsta árs afborganir langtímakrafna	43.348	53.040	41.737	32.572	33.592	34.670
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin f.t.	0	0	0	0	0	0
Handbært fé.....	77.270	15.094	241.447	56.334	78.430	7.074
Veltufjármunir	1.333.886	1.282.051	1.497.102	1.302.823	1.325.939	1.255.661
Eignir samtals	15.916.990	16.596.524	18.068.256	18.499.613	19.077.073	19.458.194

Samantekið - A og B hluti

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
--	-------------------	-------------------	----------------	----------------	----------------	----------------

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar.....	1.446.033	1.627.033	1.742.033	1.847.033	1.942.033	2.027.033
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
	1.446.033	1.627.033	1.742.033	1.847.033	1.942.033	2.027.033

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	7.815.492	7.867.964	8.793.745	9.013.752	9.016.930	8.709.945
Leiguskuldir.....	173.610	154.266	133.459	110.759	86.463	60.714
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	(0)	0	0	0
	7.989.102	8.022.230	8.927.204	9.124.511	9.103.393	8.770.659

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	0	300.000	300.000	300.000	300.000	330.000
Reiknuð fjárför.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	(0)	(0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	736.567	776.308	875.953	707.966	762.413	762.963
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	24.971	25.008	25.821	26.570	27.287	27.997
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0	(0)	(0)	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.038.988	1.039.637	1.079.637	1.079.637	1.079.637	1.079.637
	1.800.526	2.140.953	2.281.412	2.114.173	2.169.338	2.200.597
Skuldir og skuldbindingar samtals	11.235.661	11.790.216	12.950.648	13.085.717	13.214.763	12.998.289

Eigið fé og skuldir samtals	15.916.990	16.596.524	18.068.256	18.499.613	19.077.073	19.458.194
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Samantekið - A og B hluti

Sjóðstreymisýfirlit

Rekstrarhreyfingar:

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Niðurstaða ársins.....	379.996	229.198	308.700	293.688	445.813	594.996
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	336.001	321.890	328.243	358.646	381.608	402.854
Verðbætur og gengismunur	148.139	166.846	288.997	275.286	256.059	244.556
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	11.078	0 (	0)	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	9.852	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	224.411	226.000	180.000	180.000	180.000	180.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	1.109.477	943.934	1.105.940	1.107.620	1.263.481	1.422.406

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldur

Birgðir, lækkun (hækkun)	(295)	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(13.132)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(225.357) (	649)	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	111.502	649	40.000	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(51.325) (	45.000) (	65.000) (	75.000) (	85.000) (	95.000)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(178.607) (	45.000) (	25.000) (	75.000) (	85.000) (	95.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	930.870	898.934	1.080.940	1.032.620	1.178.481	1.327.406

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(425.419) (	746.000) (	1.595.000) (	992.000) (	946.000) (	866.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	8.000	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	(20.165) (	406.003)	53.235	41.925	32.760	33.786
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(437.584) (	1.152.003) (	1.541.765) (	950.075) (	913.240) (	832.214)

Fjármögnunarhreyfingar:

Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0	0 (	0)
Tekin ný langtímalán.....	800.000	700.000	1.508.250	650.000	500.000	200.000
Afborganir langtímalána.....	(762.641) (	809.107) (	821.073) (	917.659) (	743.144) (	796.549)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0 (	0) (	0)	0	0
Skammtímalán, breyting.....	(471.054)	300.000	0	0	0	30.000
Fjármögnunarhreyfingar	(433.695)	190.893	687.177	(267.659) (	243.144) (	566.549)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	59.591 (	62.176)	226.353	(185.114)	22.097 (	71.357)
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	17.679	77.270	15.094	241.447	56.333	78.430
Handbært fé (fjárförf) í árslok	77.270	15.094	241.447	56.333	78.430	7.074

Samantekið - A og B hluti

Lykiltölur

Í hlutfalli við tekjur

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Skatttekjur	59,6%	62,3%	63,9%	63,7%	63,5%	63,5%
Framlög jöfnunarsjóðs	16,1%	15,6%	15,7%	15,7%	15,6%	15,5%
Aðrar tekjur	24,2%	22,1%	20,3%	20,6%	20,9%	21,0%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	45,6%	49,1%	46,5%	46,8%	46,3%	45,9%
Annar rekstrarkostnaður	39,9%	39,9%	41,1%	41,3%	41,2%	40,9%
Afskriftir	3,7%	3,3%	3,1%	3,2%	3,2%	3,2%
Fjármagnsliðir, nettó	6,2%	5,0%	6,1%	5,8%	5,3%	5,0%
	95,4%	97,3%	96,8%	97,1%	96,0%	95,0%
Peningaleg staða (neikvæð)	-98,9%	-95,4%	-96,0%	-93,6%	-89,4%	-84,5%
Skuldir og skuldbindingar	123,4%	122,2%	122,4%	116,6%	111,3%	104,8%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	4,2%	2,4%	2,9%	2,6%	3,8%	4,8%
Framlegð	14,5%	11,1%	12,4%	11,8%	12,5%	13,2%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	12,2%	9,8%	10,5%	9,9%	10,6%	11,5%
Fjárfestingarhreyfingar	-4,8%	-11,9%	-14,6%	-8,5%	-7,7%	-6,7%

Í þúsundum króna á hvern íbúa

Rekstur

Skatttekjur og jöfnunarsjóður	705	715	758	759	759	763
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	226	203	193	197	201	203
Tekjur samtals	931	918	951	956	960	965
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó	954	934	980	980	980	982
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	39	22	28	25	36	46

Efnahagur

Heildareignir	1.627	1.579	1.624	1.576	1.542	1.514
Eigið fé	479	457	460	461	474	503
Skuldbindingar og aðrir liðir	148	155	157	157	157	158
Skuldir	1.001	967	1.007	957	911	854
Eigið fé og skuldir samtals	1.627	1.579	1.624	1.576	1.542	1.514

Aðrar lykiltölur

Veltufjárhlutfall	0,74	0,60	0,66	0,62	0,61	0,57
Eiginfjárhlutfall	0,29	0,29	0,28	0,29	0,31	0,33
Skuldahlutfall	123,4%	122,2%	122,4%	116,6%	111,3%	104,8%
Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum	108,5%	101,8%	102,0%	96,2%	90,9%	84,4%
Íbúafjöldi 31. desember	9.783	10.511	11.127	11.742	12.371	12.852

Sveitarsjóður - A hluti

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	5.442.956	6.020.480	6.781.105	7.164.122	7.553.437	7.894.562
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.467.641	1.507.219	1.665.225	1.757.264	1.851.397	1.923.382
Þjónustutekjur.....	1.519.888	1.419.311	1.428.888	1.552.555	1.682.882	1.770.442
	<u>8.430.485</u>	<u>8.947.010</u>	<u>9.875.218</u>	<u>10.473.941</u>	<u>11.087.717</u>	<u>11.588.387</u>
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	3.896.265	4.284.935	4.691.727	5.004.563	5.227.579	5.400.175
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	224.411	416.000	198.650	217.300	235.950	254.600
Annar rekstrarkostnaður.....	3.297.262	3.452.700	3.964.223	4.230.951	4.459.232	4.627.225
	<u>7.417.938</u>	<u>8.153.635</u>	<u>8.854.600</u>	<u>9.452.813</u>	<u>9.922.761</u>	<u>10.282.000</u>
Framlegð	1.012.547	793.375	1.020.618	1.021.128	1.164.956	1.306.387
Afskriftir.....	<u>273.020</u>	<u>270.923</u>	<u>275.837</u>	<u>299.070</u>	<u>315.795</u>	<u>331.666</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	<u>739.527</u>	<u>522.452</u>	<u>744.781</u>	<u>722.058</u>	<u>849.161</u>	<u>974.720</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(496.519)	(419.697)	(550.178)	(554.017)	(540.572)	(524.950)
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	<u>243.008</u>	<u>102.755</u>	<u>194.603</u>	<u>168.040</u>	<u>308.589</u>	<u>449.770</u>

Sveitarsjóður - A hluti

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	10.237.530	10.652.929	11.931.673	12.398.864	12.813.380	13.192.848
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	1.705.760	1.536.939	1.327.118	1.320.276	1.313.435	1.306.594
Vélar, áhöld og tæki	28.513	30.185	31.417	30.989	29.511	26.983
Leigugeignir	91.732	73.340	54.948	36.557	18.165	0
	<u>12.063.535</u>	<u>12.293.393</u>	<u>13.345.156</u>	<u>13.786.686</u>	<u>14.174.491</u>	<u>14.526.425</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	249.268	249.268	249.268	249.268	249.268	249.268
Skatteign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	140.252	551.259	526.969	508.319	489.669	471.019
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	480.358	470.958	465.335	456.326	444.495	430.158
	<u>869.878</u>	<u>1.271.485</u>	<u>1.241.572</u>	<u>1.213.913</u>	<u>1.183.432</u>	<u>1.150.445</u>
Fastafjármunir	<u>12.933.413</u>	<u>13.564.878</u>	<u>14.586.728</u>	<u>15.000.599</u>	<u>15.357.923</u>	<u>15.676.870</u>
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	4.338	4.338	4.338	4.338	4.338	4.338
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	532.523	532.523	532.523	532.523	532.523	532.523
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	36.991	91.571	136.554
Aðrar skammtímakröfur	606.735	606.735	606.735	606.735	606.735	606.735
Næsta árs afborganir langtímakrafna	34.673	41.040	28.790	18.650	18.650	18.650
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin f.t.	18.579	19.396	20.929	22.504	24.152	25.895
Handbært fé.....	75.184	11.515	239.309	53.761	77.474	4.900
Veltufjármunir	<u>1.272.032</u>	<u>1.215.548</u>	<u>1.432.624</u>	<u>1.275.502</u>	<u>1.355.442</u>	<u>1.329.594</u>
Eignir samtals	<u>14.205.445</u>	<u>14.780.426</u>	<u>16.019.352</u>	<u>16.276.101</u>	<u>16.713.366</u>	<u>17.006.464</u>

Sveitarsjóður - A hluti

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Eigið fé.....	3.802.334	3.800.870	3.998.073	4.168.713	4.479.902	4.932.272

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar.....	1.446.033	1.627.033	1.742.033	1.847.033	1.942.033	2.027.033
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
	1.446.033	1.627.033	1.742.033	1.847.033	1.942.033	2.027.033

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	6.540.159	6.599.674	7.506.383	7.725.973	7.732.938	7.433.031
Leiguskuldir.....	173.610	154.266	133.459	110.759	86.463	60.714
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
	6.713.769	6.753.941	7.639.842	7.836.732	7.819.401	7.493.744

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	0	300.000	300.000	300.000	300.000	330.000
Reiknuð fjárför.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	527.589	543.729	445.773	398.879	393.787	445.829
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	703.994	743.090	841.057	671.419	724.201	722.834
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	24.971	25.008	25.821	26.570	27.287	27.997
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	986.755	986.755	1.026.755	1.026.755	1.026.755	1.026.755
	2.243.309	2.598.583	2.639.405	2.423.623	2.472.030	2.553.414
Skuldir og skuldbindingar samtals	10.403.111	10.979.557	12.021.280	12.107.388	12.233.464	12.074.192

Eigið fé og skuldir samtals	14.205.445	14.780.426	16.019.352	16.276.101	16.713.366	17.006.464
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Sveitarsjóður - A hluti

Sjóðstreymisýfirlit

Rekstrarhreyfingar:

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Niðurstaða ársins.....	243.007	102.755	194.603	168.040	308.589	449.770
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	273.020	270.923	275.837	299.070	315.795	331.666
Verðbætur og gengismunur	120.179	146.058	255.834	245.953	229.154	219.158
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	11.078	0 (	0)	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	(5.125)	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	224.411	226.000	180.000	180.000	180.000	180.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	866.570	745.735	906.274	893.064	1.033.537	1.180.594

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldur

Birgðir, lækkun (hækkun)	(295)	0	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(13.132)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(241.639)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	112.555	0	40.000	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(51.325) (	45.000) (	65.000) (	75.000) (	85.000) (	95.000)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(193.836) (	45.000) (	25.000) (	75.000) (	85.000) (	95.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	672.734	700.735	881.274	818.064	948.537	1.085.594

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(329.533) (	605.000) (	1.325.000) (	738.000) (	701.000) (	681.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	8.000	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	(28.382) (	417.374)	36.540	28.790	18.650	18.650
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	23.789	18.379	19.712	21.233	22.808	24.466
Fjárfestingarhreyfingar	(326.126) (	1.003.995) (	1.268.748) (	687.977) (	659.542) (	637.884)

Fjármögnunarhreyfingar:

Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	116.503	16.140 (	97.957) (	83.884) (	59.672)	7.059
Tekin ný langtímalán.....	800.000	700.000	1.500.000	650.000	500.000	200.000
Afborganir langtímalána.....	(730.201) (	776.549) (	786.776) (	881.750) (	705.610) (	757.343)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	(471.054)	300.000	0	0	0	30.000
Fjármögnunarhreyfingar	(284.752)	239.591	615.268	(315.634) (	265.282) (	520.284)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	61.856 (	63.669)	227.793 (	185.548)	23.713 (	72.574)
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	13.328	75.184	11.515	239.309	53.761	77.474
Handbært fé (fjárförf) í árslok	75.184	11.515	239.309	53.761	77.474	4.900

Sveitarsjóður - A hluti

Lykiltölur

Í hlutfalli við tekjur

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Skatttekjur	64,6%	67,3%	68,7%	68,4%	68,1%	68,1%
Framlög jöfnunarsjóðs	17,4%	16,8%	16,9%	16,8%	16,7%	16,6%
Aðrar tekjur	18,0%	15,9%	14,5%	14,8%	15,2%	15,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	48,9%	52,5%	49,5%	49,9%	49,3%	48,8%
Annar rekstrarkostnaður	39,1%	38,6%	40,1%	40,4%	40,2%	39,9%
Afskriftir	3,2%	3,0%	2,8%	2,9%	2,8%	2,9%
Fjármagnsliðir, nettó	5,9%	4,7%	5,6%	5,3%	4,9%	4,5%
	97,1%	98,9%	98,0%	98,4%	97,2%	96,1%
Peningaleg staða (neikvæð)	-100,9%	-97,7%	-97,2%	-94,2%	-89,7%	-84,9%
Skuldir og skuldbindingar	123,4%	122,7%	121,7%	115,6%	110,3%	104,2%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	2,9%	1,1%	2,0%	1,6%	2,8%	3,9%
Framlegð	12,0%	8,9%	10,3%	9,7%	10,5%	11,3%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	10,3%	8,3%	9,2%	8,5%	9,3%	10,2%
Fjárfestingarhreyfingar	-3,9%	-11,2%	-12,8%	-6,6%	-5,9%	-5,5%

Í þúsundum króna á hvern íbúa

Rekstur

Skatttekjur og jöfnunarsjóður	706	716	759	760	760	764
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	155	135	128	132	136	138
Tekjur samtals	862	851	888	892	896	902
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó	885	865	912	914	914	917
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	25	10	17	14	25	35

Efnahagur

Heildareignir	1.452	1.406	1.440	1.386	1.351	1.323
Eigið fé	389	362	359	355	362	384
Skuldbindingar og aðrir liðir	148	155	157	157	157	158
Skuldir	916	890	924	874	832	782
Eigið fé og skuldir samtals	1.452	1.406	1.440	1.386	1.351	1.323

Aðrar lykiltölur

Veltufjárhlutfall	0,57	0,47	0,54	0,53	0,55	0,52
Eiginfjárhlutfall	0,27	0,26	0,25	0,26	0,27	0,29
Skuldahlutfall	123,4%	122,7%	121,7%	115,6%	110,3%	104,2%
Íbúafjöldi 31. desember	9.783	10.511	11.127	11.742	12.371	12.852

Aðalsjóður

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	5.587.866	6.168.671	6.918.700	7.305.707	7.698.845	8.043.751
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.467.641	1.507.219	1.665.225	1.757.264	1.851.397	1.923.382
Þjónustutekjur.....	1.747.689	1.699.593	1.838.960	1.935.041	2.033.564	2.108.720
	8.803.196	9.375.483	10.422.885	10.998.012	11.583.806	12.075.853
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	3.819.142	4.196.931	4.589.081	4.896.243	5.113.458	5.281.541
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	224.411	416.000	198.650	217.300	235.950	254.600
Annar rekstrarkostnaður.....	4.803.039	4.990.180	5.613.103	5.917.551	6.180.562	6.386.962
	8.846.592	9.603.111	10.400.834	11.031.094	11.529.970	11.923.103
Framlegð	(43.396)	(227.628)	22.051	(33.082)	53.836	152.750
Afskriftir.....	0	0	0	0	0	0
Niðurstaða án fjármagnsliða	(43.396)	(227.628)	22.051	(33.082)	53.836	152.750
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	351.816	340.533	419.973	402.817	390.981	382.516
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	308.420	112.905	442.024	369.735	444.818	535.267

Aðalsjóður

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	0	0	0	0	0	0
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	0	0	0	0	0	0
Vélar, áhöld og tæki	0	0	0	0	0	0
Leigugeignir	0	0	0	0	0	0
	0	0	0	0	0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	249.018	249.018	249.018	249.018	249.018	249.018
Skatteign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	235	514.585	500.435	481.785	463.135	444.485
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	4.799.883	4.751.695	4.747.368	4.714.331	4.658.409	4.583.097
	5.049.136	5.515.298	5.496.821	5.445.134	5.370.562	5.276.600
Fastafjármunir	5.049.136	5.515.298	5.496.821	5.445.134	5.370.562	5.276.600
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	4.338	4.338	4.338	4.338	4.338	4.338
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	532.523	532.523	532.523	532.523	532.523	532.523
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	2.697.810	2.880.508	3.158.639	3.811.761	4.384.848	5.240.470
Aðrar skammtímakröfur	606.734	606.734	606.734	606.734	606.734	606.734
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	18.650	18.650	18.650	18.650	18.650
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin f.t.	140.933	147.137	158.757	170.710	183.209	196.431
Handbært fé.....	74.752	11.083	238.876	53.329	77.041	4.467
Veltufjármunir	4.057.090	4.200.973	4.718.517	5.198.045	5.807.343	6.603.614
Eignir samtals	9.106.226	9.716.271	10.215.338	10.643.179	11.177.905	11.880.213

Aðalsjóður

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Eigið fé.....	6.449.711	6.562.616	7.004.639	7.374.374	7.819.192	8.354.458

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar.....	1.446.033	1.627.033	1.742.033	1.847.033	1.942.033	2.027.033
Aðrar skuldbindingar.....	0	0	0	0	0	0
	1.446.033	1.627.033	1.742.033	1.847.033	1.942.033	2.027.033

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0	0	0
Leiguskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
	0	0	0	0	0	0

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	0	300.000	300.000	300.000	300.000	330.000
Reiknuð fjárför.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	527.589	543.729	445.773	398.879	393.787	445.829
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	682.893	682.893	722.893	722.893	722.893	722.893
	1.210.482	1.526.622	1.468.666	1.421.772	1.416.680	1.498.722
Skuldir og skuldbindingar samtals	2.656.515	3.153.655	3.210.699	3.268.805	3.358.713	3.525.755

Eigið fé og skuldir samtals	9.106.226	9.716.271	10.215.338	10.643.179	11.177.905	11.880.213
------------------------------------	------------------	------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Aðalsjóður

Sjóðstreymisýfirlit

Rekstrarhreyfingar:

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Niðurstaða ársins.....	308.420	112.905	442.024	369.735	444.818	535.267
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	0	0	0	0	0	0
Verðbætur og gengismunur	(110.211)	(97.436)	(156.821)	(139.976)	(129.592)	(123.500)
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum	224.411	226.000	180.000	180.000	180.000	180.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	422.620	241.469	465.203	409.759	495.226	591.766

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldur

Birgðir, lækkun (hækkun)	(295)	0	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(13.132)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(244.689)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(22.556)	0	40.000	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(51.325)	(45.000)	(65.000)	(75.000)	(85.000)	(95.000)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(331.997)	(45.000)	(25.000)	(75.000)	(85.000)	(95.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	90.623	196.469	440.203	334.759	410.226	496.766

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	0	0	0	0	0	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	(235)	(533.000)	14.150	18.650	18.650	18.650
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	140.875	139.420	149.528	161.059	173.015	185.591
Fjárfestingarhreyfingar	140.640	(393.580)	163.678	179.709	191.665	204.241

Fjármögnunarhreyfingar:

Greiddur arður.....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(48.285)	(166.558)	(376.088)	(700.015)	(578.179)	(803.581)
Tekin ný langtímalán.....	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímalána.....	0	0	0	0	0	0
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	(121.054)	300.000	0	0	0	30.000
Fjármögnunarhreyfingar	(169.339)	133.442	(376.088)	(700.015)	(578.179)	(773.581)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	61.924	(63.669)	227.793	(185.548)	23.712	(72.574)
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	12.828	74.752	11.083	238.876	53.329	77.041
Handbært fé (fjárförf) í árslok	74.752	11.083	238.876	53.329	77.041	4.467

Eignasjóður

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	0	0	0	0	0	0
Framlög jöfnunarsjóðs.....	0	0	0	0	0	0
Þjónustutekjur.....	1.398.997	1.366.563	1.397.556	1.474.800	1.553.803	1.614.217
	<u>1.398.997</u>	<u>1.366.563</u>	<u>1.397.556</u>	<u>1.474.800</u>	<u>1.553.803</u>	<u>1.614.217</u>
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	14.597	12.393	25.350	26.751	28.184	29.355
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	0	0	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður.....	311.909	319.366	370.036	390.037	410.494	427.064
	<u>326.506</u>	<u>331.759</u>	<u>395.386</u>	<u>416.788</u>	<u>438.678</u>	<u>456.419</u>
Framlegð.....	1.072.491	1.034.804	1.002.170	1.058.012	1.115.125	1.157.798
Afskriftir.....	263.513	262.995	267.469	289.042	304.717	319.538
	<u>808.978</u>	<u>771.809</u>	<u>734.701</u>	<u>768.970</u>	<u>810.408</u>	<u>838.260</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða.....	808.978	771.809	734.701	768.970	810.408	838.260
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(848.337)	(760.230)	(970.151)	(956.834)	(931.553)	(907.466)
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	(39.359)	11.579	(235.450)	(187.864)	(121.145)	(69.207)

Eignasjóður

	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	10.130.711	10.652.929	11.931.673	12.398.864	12.813.380	13.192.848
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	1.705.760	1.536.939	1.327.118	1.320.276	1.313.435	1.306.594
Vélar, áhöld og tæki	0	0	0	0	0	0
Leigugeignir	91.732	73.340	54.948	36.557	18.165	0
	<u>11.928.203</u>	<u>12.263.208</u>	<u>13.313.739</u>	<u>13.755.697</u>	<u>14.144.980</u>	<u>14.499.442</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	250	250	250	250	250	250
Skatteign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	140.017	36.674	26.534	26.534	26.534	26.534
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	<u>140.267</u>	<u>36.924</u>	<u>26.784</u>	<u>26.784</u>	<u>26.784</u>	<u>26.784</u>
Fastafjármunir	<u>12.068.470</u>	<u>12.300.132</u>	<u>13.340.523</u>	<u>13.782.481</u>	<u>14.171.764</u>	<u>14.526.226</u>
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	34.673	22.390	10.140	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin f.t.	0	0	0	0	0	0
Handbært fé.....	0	0	0	0	1	1
Veltufjármunir	<u>34.673</u>	<u>22.390</u>	<u>10.140</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>1</u>
Eignir samtals	<u>12.103.143</u>	<u>12.322.522</u>	<u>13.350.663</u>	<u>13.782.481</u>	<u>14.171.765</u>	<u>14.526.226</u>

Eignasjóður

31. desember

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

Eigið fé..... (2.454.078) (2.442.499) (2.677.949) (2.865.813) (2.986.958) (3.056.165)

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar..... 0 0 0 0 0 0

Aðrar skuldbindingar..... 0 0 0 0 0 0

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir..... 6.540.159 6.599.674 7.506.383 7.725.973 7.732.938 7.433.031

Leiguskuldir..... 173.610 154.266 133.459 110.759 86.463 60.714

Skuldir við eigin fyrirtæki..... 4.319.525 4.280.736 4.282.033 4.258.005 4.213.914 4.152.939

11.033.294 11.034.677 11.921.874 12.094.737 12.033.315 11.646.683

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir..... 0 0 0 0 0 0

Reiknuð fjárför..... 0 0 0 0 0 0

Viðskiptaskuldir..... 0 0 0 0 0 0

